

Gæðagreinar 2

Sjálfsmat skóla



Hvar stöndum við?
Hvert stefnum við?

Gæðagreinar 2

Sjálfsmat skóla

Þýðing á skoska sjálfsmatsefninu:

How good are we now?

How good is our school?

How good can we be?

© Crown copyright 2007

© Íslensk þýðing, Helga Harðardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

© Mynd á forsiðu, Ingvar Guðnason

Fræðsluskrifstofa Skagfirðinga hefur leyfi HM Inspection of Education til að þýða og dreifa efninu til notkunar við sjálfsmat í skólum á Íslandi og er skólayfirvöldum og skólum heimilt að fjölfalda til eigin nota. Óheimilt er að selja efnið eða nota það í auglýsingar.

Efnið er hægt að sækja á Gæðagreinavefinn: <http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar>

Efnisyfirlit

Formáli	4
Kynning	5
Yfirlit gæðagreina	10
Lykilþættir	
1. Heildarárangur	13
2. Áhrif á nemendur	15
3. Áhrif á starfsfólk	17
4. Áhrif á samfélagið	18
5. Menntun	20
6. Stefnumótun og áætlanagerð	29
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk	32
8. Samvinna og búnaður	35
9. Forysta	39
Viðaukar	
Gæðaramminn	43
Einkunnaskalinn	44
Almenn aðferð til að nota í opinberri þjónustu	45
Sönnunargögn/vísbendingar í sjálfsmati	46
Aðgerðadagatal	47
Yfirlit neðanmálgreina	48
Aukaefni íslenskrar þýðingar	
Eyðublöð til stuðnings mati, fylgir hverjum gæðagreini	49

Formáli

Gæðagreinar er sjálfsmatsaðferð sem upprunnin er í Skotlandi. Aðferðin varð til þegar skólafólk víðs vegar að úr skoska skólakerfinu kom saman með það að markmiði að búa til gæðagreina (quality indicators) sem áttu að auðvelda starfsfólki í skólum að meta gæði skólastarfs. Sú vinna varð til þess að fyrsta útgáfa efnisins *How Good is our School?* leit dagsins ljós árið 1996. Skagfirskt skólafólk kynntist þessum sjálfsmatsaðferðum í námsferðum til Skotlands og tekin var ákvörðun í kjölfarið um að innleiða gæðagreinana í Árskóla á Sauðárkróki. Árið 1999 var því ráðist í þýðingu gæðagreinnanna á vegum Skólaskrifstofu Skagfirðinga, með góðfúslegu leyfi skoska menntamálaráðuneytisins.

Síðan þá hefur sjálfsmat með Gæðagreinum verið í þróun í Skagafirði, þar sem Árskóli hefur verið í fararbroddi og hefur notið styrkrar leiðsagnar skosks skóla, Balwearie High School, Kirkaldy. Um aldamótin fengu skólar víða um land kynningu á aðferðinni og nýttu nokkrir þeirra sér efnið. Undanfarnin misseri hafa skólar í auknum mæli leitað til Árskóla eftir kynningum og ráðgjöf um sjálfsmatsaðferðina. Fleiri skólar hafa því bæst í hóp þeirra sem nota gæðagreina markvisst í skólastarfi. Árið 2002 kom önnur útgáfa *How Good is our School* hjá Skotum. Þriðja útgáfan var gefin út í framhaldi af nýrri námskrá í Skotlandi árið 2004. Stuðst er við þá útgáfu í þessari þýðingu. Líkt og við fyrri þýðingu var leitað leyfis hjá skoskum menntayfirvöldum og var eftirfarandi leyfi góðfúslega gefið:

We are pleased to hear that our publications have been of use to you and are happy to give our permission for you to use *How good are we now, How Good is our School, How good can we be?*

As previously stated the report is Crown Copyright but may be reproduced whole or in part if its source and date are acknowledged. However, no part may be reproduced within a prospectus or in connection with any commercial activity or advertising campaign.

Allir sem nýta sér efnið eru vinsamlegast beðnir um að virða skilmála þessa leyfis.

Vinna með gæðagreina hefur verið í stöðugri þróun í Árskóla allt frá því að fyrsta útgáfa þeirra kom út árið 1999. Farsæl samvinna hefur verið á milli starfsfólks Árskóla og Balwearie High School, um sjálfsmatsaðferðir og þróun þeirra. Það var því eðlilegt framhald að ráðast í þýðingu á nýjstu útgáfu gæðagreinnanna *How good is our school 3*. Helga Harðardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, kennsluráðgjafar í Skagafirði, þýddu efnið. Sú vinna var á vegum Fræðsluskrifstofu Skagfirðinga og Árskóla á Sauðárkróki með tilstyrk Sáttmálasjóðs. Rúnar Sigþórsson, prófessor í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri las efnið yfir og veitti sérfræðiráðgjöf. Sigurður Jónsson, kennari við Árskóla, las verkið einnig yfir í heild sinni og kom með gagnlegar ábendingar. Kunnum við þeim Rúnari og Sigurði bestu þakkir fyrir.

Það er von okkar þýðenda að Gæðagreinar 2 nýtist skólum á Íslandi sem vegvísir á leið til eflingar skólastarfs.

Skagafirði 30. maí 2010

Helga Harðardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

Kynning

Skotar hafa unnið skipulega að menntaumbótum frá 2004 þegar sett var fram námskrá fyrir börn 3 til 18 ára sem nefnist *Curriculum for Excellence*. Þar kom fram að markmið nýrrar námskrár væri að tryggja að öll skosk börn og ungmenni þroskuðu með sér viðhorf, þekkingu og færni sem þau þyrftu á að halda til að blómstra í lífi, námi og starfi.

Þessi ferð áleiðis að afburðastarfi er enn í gangi. Gert er ráð fyrir að skólar efli sig á ýmsa vegu og temji sér hugmyndir og verklag sem leiði til árangurs. Grunnþættirnir eru í fimm megináherslum: Nám og kennsla, sýn og forysta, samstarf, fólk, menning og siðvenja.

Skosk menntayfirvöld hafa sett fram margvíslegan stuðning fyrir skóla og starfsmenn til að ná árangri. Sá stuðningur er settur fram með fimm efnisþáttum sem nefndir eru *How Good is Our School? - The Journey to Excellence*. Tveir fyrstu eru settir fram í ritunum *Aiming for Excellence* og *Exploring Excellence*, þar sem hugtök um nám og hindranir eru skilgreind og lýst er ferð skóla frá því að vera góður í að vera framúrskarandi.

Þriðji hluti efnisins samanstendur af endurskoðaðri útgáfu af sjálfsmati grunnskóla „Gæðagreinum“ (*How Good is Our School*) og leikskóla „Barninu í brennidepli“ (*The Child at the Centre*).

Hvort tveggja hefur ávallt snúist um skólaumbætur, að bæta aðstæður barna og að efla metnað í öllum skólum til að gera sem allra best. Gæðagreinar og Barnið í brennidepli byggjast á endurskoðuðum viðmiðunaramma sem hjálpar skólum að komast að því hvar þeir eru staddir í viðleitni sinni til framfara og aukinna gæða starfsins.

Skoskum skólum er orðið tamt að nota sjálfsmat með gæðagreinum. Sömu gæðagreinar eru einnig notaðir hjá þeim sem sjá um úttæktir á vegum yfirvalda til að ganga úr skugga um hvar skólar eru staddir og til að aðstoða við að skipuleggja leiðina áfram. Íslenskir skólar nota í auknum mæli þennan ramma um sjálfsmat.

Fjórði hluti skólaþróunarefnisins hjá Skotum er hefti sem nefnist *Planning for Excellence* og loks er fimmti hlutinn, *The Journey to Excellence*, vefsvæðið með viðamiklu endurmenntunarefni.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er hvorki skriffinnska né tæknilegt úrlausnarefni. Það er aðferð til faglegrar ígrundunar sem gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Þannig ýtir það undir vel ígrundaða nýbreytni og gæðagreinaramminn styður skóla í þeirri viðleitni.

Lýsingarnar eru ekki hugsaðar sem gátlistar eða uppskriftir. Þær eru ætlaðar til að nota ásamt öðrum leiðbeiningum, svo sem námskrám, rannsóknnum á námi og kennslufræði og kenningum um forystu. Á sama hátt og þekking á námskrá og námi er í stöðugri þróun eru gæðagreinarnir og notkun þeirra einnig í þróun til að styrkja öflugt skólustarf.

Sjálfsmat beinir sjónum fram á við. Það snýst um breytingar og umbætur, hvort sem þær eiga sér stað í smáum skrefum eða lagt er í stórtækar breytingar. Það byggist á flegri ígrundun, ögrandi viðfangsefnum og stuðningi. Það felur í sér að taka upplýstar ákvarðanir um aðgerðir sem leiða af sér augljósan ávinning fyrir ungt fólk.

Kjarni sjálfsmats felst í þremur spurningum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Framúrskarandi skólar beina þessum spurningum að námi. Í slíkum skólum er námið í brennidepli og kjarni

starfsins.

Allir starfsmenn íhuga gæði vinnu sinnar. Þeir gera þetta sem fagmenn sem bera ábyrgð á gæðum menntunar og árangri og persónulegum og félagslegum þroska þeirra barna og ungmenna sem þeir kenna. Þeir gera það einnig sem hluti af starfshópnum sem ber ábyrgð á gæðum menntunarinnar.

Sem kennarar erum við stoltir af störfum okkar og íhugum persónulega ábyrgð hvers og eins á þeim. Við getum notað gæðagreinana til þess, ásamt öðrum leiðbeiningum, svo sem Lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, siðareglum kennara, skólustefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og skólustefnu sveitarfélags okkar.

Sjálfsmat felur einnig í sér að kennarahópar ígrunda störf sín saman. Við getum gert það á ýmsa vegu með því að:

- Ræða saman um verk hver annars, til dæmis áætlanir og námsmat
- Kenna saman og ræða saman um starfið
- Heimsækja kennslustofu hver annars til að sjá hvernig þróunarstarf gengur og til að kynnst mismunandi kennsluaðferðum eða til að staðfesta mat okkar á árangri nemenda.

Slíkt félagamat/jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur í faglegu starfi og tákn um sameiginlega faglega ábyrgð kennarahópa á starfi sínu. Það stuðlar að faglegri umræðu við reynda samkennara sem geta fylgst með bekkjarstarfi. Í þessari útgáfa hafa gæðagreinarnir verið skrifaðir þannig að þeir ávarpa kennarahópa beint. Með því sýna þeir fram á mikilvægi þessarar samábyrgðar.

Samstarf kennara og stjórnenda við sjálfsmat gefur besta raun þegar skólasamfélagið hefur sameiginlegan skilning á gæðum starfsins. Sá skilningur á oft rætur í sameiginlegri sýn skólasamfélagsins á skólustarfið og nemendur. Slík sýn getur verið byggð á samþykktum um hvernig skólustarfið eigi að líta út eftir tvö til þrjú ár.

Það er ekki auðvelt að koma á sameiginlegri sýn. Venjulega eru mismunandi skoðanir og áhugasvið meðal kennarahópa og annarra starfsmanna skólans, nemenda og foreldra, annarra fagmanna og lykilpersóna í samfélaginu. Til að móta sameiginlega sýn verður skóli að vinna með öllum þessum aðilum að því að skýra og komast að samkomulagi um gildi og grundvallarreglur. Hann verður einnig að afla samþykkis um það hvernig þessi gildi og grundvallarreglur eiga að hafa áhrif á allt starf skólans, námskrána, námsumhverfið, skólabraginn og hvernig allir eiga að taka þátt í starfinu og tengjast hver öðrum, og hvernig þeir eiga að sýna grundvallarreglurnar og gildin í verki. Skóli sem skapar sameiginlega sýn og gildi öðlast sterka tilfinningu fyrir hvert skuli stefna og hver sé siðferðilegur tilgangur starfsins.

Þegar íhugulir fagmenn takast á við þessi viðfangsefni styrkir það forystu á öllum sviðum:

- Í skólustofunni
- Meðal vinnuhópa og þróunarteyma
- Hjá aðstoðarskólustjórum og öðrum millistjórnendum
- Hjá skólustjórum sem bera endanlega ábyrgð á gæðum alls sem fram fer í skólanum.

Sjálfsmat skólans er áþekkt því sem við hvetjum nemendur til að iðka sem hluta af þeirra námsferli. Að taka þátt í því skapar samfélag sem lærir, lærdómssamfélag.

Skipulag sjálfsmats

Það er mikilvægt að hafa rök fyrir vali þátta sem meta á og skýra hugmynd um hvernig matið á að fara fram, hvenær og hver á að annast það. Tími er lykilatriði í annasömu skólustarfi og það er engin þörf á að meta allt í einu. Við þurfum hins vegar að vera skipulögð svo mikilvægir þættir í skólustarfinu liggi ekki í láginni og við uppgötum að eitthvað sé að fara úrskeiðis áður en það er farið að hafa áhrif á nemendur. Tími sem varið er í að greina starfið þarf að haldast í hendur við þann tíma sem varið er í umbætur. Við þurfum einnig að hafa lykilstarfsemi skólans í brennidepli – nám og kennslu.

Margir skólar semja tímasetta aðgerðaráætlun um skipulag sjálfsmatsins, sjá viðauka 6. Með því að skrá umræður og upplýsingar byggja þeir smátt og smátt upp gagnasafn sem þeir geta notað þegar starfið er metið með gæðagreinum. Í sumum skólum er vinnan skipulögð til árs í einu meðan aðrir setja sér lengri eða

sveigjanlegri tímaramma. Mikilvægast er þó að matið sé samþætt annarri starfsemi skólans og hafi nám barnanna og velgengi í brennidepli. Allt menntunarstarf, stjórnun og forysta þarf að mótast af því hver áhrif þess eru á nám nemenda.

Gæðagreinarnir í þessari útgáfu eru flokkaðir í samræmi við lykilsurningar sem ytra mat byggist á:

- Hvaða árangri höfum við náð?
- Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?
- Hversu góða menntun veitum við?
- Hversu góð er stjórnun skólans?
- Hversu góð er forystan í skólanum?
- Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?

Þessar sex einföldu en mikilvægu spurningar eru grunnur að lykilþáttunum níu í þessari útgáfu Gæðagreinanna, eins og sést í viðauka 1.

Notkun gæðagreina við sjálfsmat

Gæðagreinaramminn er skipulag á sjálfsmati sem nota má á marga vegu.

Hann inniheldur gæðaviðmið sem nota má til að komast að faglegri niðurstöðu um hve góður skólinn er. Gæðagreinarnir tengja saman mælingar á frammistöðu (svo sem gögn um skólasókn og námsárangur), mat á skólabrag (svo sem viðhorf nemenda) og faglegt mat byggt á gögnum um gæði menntunarinnar og starfshátta sem verið er að meta.

Á hverju ári er mikilvægt að huga grannt að þáttum sem tengjast árangri skólans og áhrifum hans á nemendur, starfsfólk og samfélag (lykilþættir 1 til 4) og þáttum sem tengjast námi, kennslu og hvernig námsþörfum er mætt (lykilþáttur 5). Með hjálp þessarar greiningar og með faglegri ígrundun frá degi til dags koma í ljós atriði sem þarfnast nánari athugunar og greiningar með lykilþáttum 5 til 9.

Efnisatriði hvers lykिलþáttar um sig tengjast innbyrðis. Það felur í sér að styrkleikar og veikleikar á einu sviði geta haft áhrif á gæði á öðrum sviðum. Væntingar geta haft áhrif á nám; samstarf við samstarfsstofnanir hefur áhrif á umönnun og velferð barnanna; forystan mótast starfsanda og mótast af starfsanda. Þannig er hægt að segja að ramminn geti hjálpað við að greina ástæður styrkleika og veikleika sem koma í ljós. Sjálfsmat sem fest hefur verið í sessi í skóla er áhrifarík leið til að velja gæðagreina til skoðunar út frá þekkingu á árangri og áhrifum í skólanum og þáttum sem þarfnast athugunar.


Stundum er þó þörf fyrir ýtarlegri skoðun. Nýr stjórnandi gæti til dæmis talið gagnlegt að fara í gegnum flesta gæðagreinana til að fá yfirsýn yfir gæði skólastarfsins almennt. Allir skólar hafa gagn af því að starfsmenn skimi starfseminu öðru hverju til að ganga úr skugga um að allt sé í lagi. Þannig koma þættir í ljós sem þarfnast nánari skoðunar. Sú algenga leið að skima og skoða síðan nánar er önnur aðferð við að nota gæðagreinana.

Notkun gæðagreinnanna og gagnasöfnun

Með því að nota marga gæðagreina og margvísleg gögn og með því að horfa á starfið frá mismunandi sjónarhornum og kanna samkvæmni upplýsinganna er hægt að fá heildarmynd af gæðum starfsins.

Gagnasöfnun þarf að vera innan viðráðanlegra marka með því að taka dæmi. Íhuga þarf vel umfang úrtaksins og hvernig það er valið. Einnig er gagnlegt að sannreyna réttmæti upplýsinganna með margprófun. Það getur falið í sér að bera saman gögn úr fleiri áttum. Til dæmis er hægt að prófa á hvern hátt stefna skólans um að koma til móts við þarfir allra nemenda hefur áhrif á skólastarfið með því að skoða starfið í skólastofunum og með viðtölum við starfsfólk, nemendur og foreldra/forráðamenn. Þannig margprófun hjálpar til við að meta áhrif stefnunnar.

Meginuppspretta gagna og upplýsinga er það sem við sjáum sjálf, töluleg gögn af ýmsu tagi og viðhorf þeirra sem eru nátengdir skólanum, svo sem barnanna og ungmennanna sjálfra, foreldra, samstarfsaðila og starfsfólks. Í viðauka 5 eru dæmi um hvers kyns upplýsingum leita skal eftir. Þar sem veikleikar koma fram er einnig gagnlegt að athuga skriflegar leiðbeiningar og skjöl. Þau gætu verið bekkjarnámskrár, kennsluáætlanir, námsefni og efni frá kennurum, stefnumótunarskjöl, leiðbeiningar og fundargerðir. Hins vegar er það sem skráð er ekki endilega það sem í raun gerðist. Á sama hátt geta skýrslur um framvindu og árangur þróunarverkefna verið gagnlegar en þær þarf að bera saman við það sem gert hefur verið í raun og veru. Það sem skiptir höfuðmáli er hver áhrifin af lykilstarfsemi skólans eru á nemendurna sjálfa og nám þeirra.



Gæðagreinarnir eru hannaðir sem tæki til að aðstoða við mat og eflingu á gæðum skólastarfsins og þeirrar menntunar sem við veitum öllum nemendum. Lykilþættirnir níu ná yfir allt skólastarfið og hægt er í grófum dráttum að setja þá fram undir þremur fyrisögum: **velgengni og árangur skólans, lífið og starfið í skólanum og sýn hans og forysta.**

Fyrstu tvær spurningarnar í matstækinu eru mjög mikilvægar:

- Hvaða árangri höfum við náð?
- Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?

Þessar tvær spurningar beinast að velgengni og árangri skólans í samanburði við grundvallartilgang hans og áhrif hans á börn og ungmenni, foreldra og samfélagið í heild. Þær snerta það hve vel skólinn hefur hjálpað nemendum að verða öflugir námsmenn, öruggir einstaklingar, ábyrgir borgarar og virkir þátttakendur í samfélaginu.

Til að meta velgengni og árangur út frá þessum tveimur spurningum og skipuleggja umbætur er mikilvægt að huga að þeim lykilatriðum sem hafa áhrif á þær. Ef nemendur eru til dæmis ekki virkir þátttakendur gætum við litið á námskrána sem þeir fylgja eða hvers kyns nám þeir fást við. Þess vegna þarf að huga að þessum fyrstu tveimur spurningum í ljósi annarra spurninga, svo sem:

- Hversu góða menntun veitir námskrá skólans, nám og kennsla nemendum?
- Hversu góð er stjórnun skólans, áætlanir um skólastarfið og nýting aðfanga og mannafla?
- Hversu góð er forystan í skólanum?

Velgengni og árangur skólans		Lífið og starfið í skólanum		Sýn skólans og forysta
Hvaða árangri höfum við náð?	Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?	Hversu góða menntun veitum við?	Hversu góð er stjórnun skólans?	Hversu góð er forystan í skólanum?

Þessi nálgun gerir okkur kleift að íhuga starfið í skólastofunum og í skólanum í heild og hjálpar til við að íhuga þau gagnvirku tengsl sem eru milli einstakra þátta í skólastarfinu og velgengni og árangurs í starfi skólans. Þar sem við sjáum gæðastarf fara fram ætti að fagna því og deila því með öðrum. Og ef eitthvað gengur ekki sem skyldi er hægt að rekja ástæður þess með því að skoða viðkomandi gæðagreina.

Til dæmis ef nám barna og ungmenna er ekki árangursríkt eða áhugi þeirra á námi er ekki til staðar gæti þurft að kanna gæði menntunarinnar sem skólinn veitir með því að svara eftirfarandi spurningum:

- Samræmist námskráin þörfum nemendanna?
- Mæta kennsluáðferðir þörfum allra nemenda?
- Geta starfsmenn, sem einstaklingar og sem hópur gert meira til að vekja áhuga nemenda?
- Þurfum við að beita hnitmiðaðri aðferðum við að mæta þörfum einstaklinga?
- Hvernig getum við stuðlað að meiri þátttöku foreldra?

Þannig nálgun er nefnd „hlutfallsleg“ (proportionate) aðferð. Hún gerir kleift að beina sjónum að forgangsatríðum frekar en að fara kerfisbundið yfir alla þætti skólastarfsins.

Með því að beina sjónum að fyrstu fimm spurningunum og með því að kynnast gæðum skólastarfsins með hjálp Gæðagreinanna getum við snúið okkur að sjöttu spurningunni, fengið sýn á möguleika okkar til umbóta og ákveðið hversu góð við getum orðið.

Yfirlit gæðagreina

Nr.	Gæðagreinir	Þemu
Heildarárangur		
1.1	Framfarir í skólastarfi	<ul style="list-style-type: none"> Árangur/frammistaða nemenda yfir ákveðið tímabil Gæði námsárangurs nemenda Áhrif þróunaráætlunar skólans
1.2	Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur	<ul style="list-style-type: none"> Fjárhagsleg stjórnun Samræmi skólastarfsins við lög og reglur og vilji til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti
Áhrif á nemendur		
2.1	Námsreynsla nemenda	<ul style="list-style-type: none"> Að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska
2.2	Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi	<ul style="list-style-type: none"> Að hvaða marki, foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru virkir þátttakendur í starfi skólans
Áhrif á starfsfólk		
3.1	Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	<ul style="list-style-type: none"> Skuldbinding starfsfólks og virk þátttaka þess í starfi skólans
Áhrif á samfélagið		
4.1	Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið	<ul style="list-style-type: none"> Umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu
4.2	Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild	<p>Að hve miklu leyti skólinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> hvetur til nýbreytni og styður við umbótastarf, lærir af frumkvöðlastarfi og tileinkar sér árangur þess hefur áhrif á stefnu og starf í víðu samhengi sér fyrir og bregst fljótt og á sveigjanlegan hátt við breytingum lætur sig varða og tekur þátt í samræðu um málefni heimsins
Menntun		
5.1	Skólanámskrá	<ul style="list-style-type: none"> Forsendur og framsetning skólanámskrárinnar Þróun námskrárinnar Námsgreinar og námsþættir Færsla nemenda á milli skólastiga
5.2	Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	<ul style="list-style-type: none"> Námsmenning og kennsluaðferðir Samskipti kennara og nemenda, og þátttaka nemenda í námsverkefnum Skýrleiki og tilgangur tjáskipta Mat sem liður í kennslu
5.3	Til móts við námsparfir	<ul style="list-style-type: none"> Verkefni, viðfangsefni og úrræði Greining námsparfa

		<ul style="list-style-type: none"> Hlutverk kennara og sérfræðinga Framkvæmd í samræmi við ákvæði laga
5.4	Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	<ul style="list-style-type: none"> Matsaðferðir Áætlanir um nám og viðfangsefni Notkun matsupplýsinga til að greina námsstöðu nemenda og skipuleggja áframhaldandi nám Fyrirkomulag skráningar og vitnisburðar
5.5	Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri	<ul style="list-style-type: none"> Væntingar starfsfólks og notkun hróss Væntingar nemenda og skilningur þeirra á árangri Efling og viðhald skólabrags stuðlar að árangri Samskipti starfsfólks og nemenda
5.6	Jafnrétti og sanngirni	<ul style="list-style-type: none"> Leiðir til námsaðlögunar - skóli fyrir alla Stuðlað að jafnrétti og sanngirni Trygging jafnréttis og sanngirni
5.7	Samstarf við nemendur og foreldra	<ul style="list-style-type: none"> Þátttaka foreldra í námi barna sinna og starfi skólans Samráð og samskipti við nemendur og foreldra Samræður við nemendur og forelda um skólastarfið
5.8	Umhyggja, velferð og þroski nemenda	<ul style="list-style-type: none"> Skipulag til að tryggja umhyggju, velferð og öryggi barna Aðferðir og úrræði til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna Náms- og starfsráðgjöf
5.9	Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs	<ul style="list-style-type: none"> Hollusta við sjálfsmat Stjórnun sjálfsmats Umbætur í skólastarfi
Stefnumótun og áætlanagerð		
6.1	Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna	<ul style="list-style-type: none"> Umfang, skýrleiki og gagnsemi markmiða og stefnumótunar Innra samræmi stefnumótunar Stjórnun, mat og endurskoðun skólastefnunnar
6.2	Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð	<ul style="list-style-type: none"> Virk þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð Samskipti og samráð
6.3	Þróunaráætlanir	<ul style="list-style-type: none"> Mótun, framkvæmd og mat á þróunaráætlun Uppbygging og innihald þróunaráætlunar Notkun upplýsinga Samstarf við stofnanir og þjónustuaðila um þróunaráætlun Áætlun um sjálfbærni
Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk		
7.1	Mönnun, ráðningar og	<ul style="list-style-type: none"> Mannafli Ráðningar, stöðuveitingar og móttaka starfsmanna Umsjón og velferð starfsmanna

	stöðugleiki	<ul style="list-style-type: none"> Viðurkenning á árangri í starfi
7.2	Nýting mannafla og teymisvinna	<ul style="list-style-type: none"> Skynsamleg og gegnsæ skilgreining ábyrgðar Nýting mannafla og samstarfsaðila Skilvirkni teymisvinnu Boðskipti
7.3	Starfsþróun og starfsmat/starfsmannnaviðtöl	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmat, viðtöl og stuðningur í starfi Þjálfun og starfsþróun Samstarf við samstarfsaðila um endurmenntun starfsmanna

Samvinna og búnaður

8.1	Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn	<ul style="list-style-type: none"> Tilgangur og markmið eru ljós Þverfagleg samvinna og samstarf stofnana Hlutverk starfsmanna í samstarfi
8.2	Fjármálastjórn	<ul style="list-style-type: none"> Fjárveiting og fjárhagsáætlun Fjármálastjórnun Fjárhagsáætlun og tengsl við skólanefnd og sveitarstjórn Hagkvæm nýting fjármagns til að styðja við eflingu skólastarfs
8.3	Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis	<ul style="list-style-type: none"> Húsnæði og sýnileiki og framsetning verka nemenda Aðgengi að búnaði Skipulag og notkun búnaðar og umhverfis Ráðstafanir til að tryggja heilbrigði og öryggi
8.4	Gagnavarsla og nýting upplýsinga	<ul style="list-style-type: none"> Söfnun, varðveisla og aðgengi gagna Miðlun upplýsinga Greining, mat og notkun upplýsinga

Forysta

9.1	Sýn, gildi og markmið	<ul style="list-style-type: none"> Samhljómur með sameiginlegri sýn, gildum og markmiðum samfélagsins Miðlun og viðhald sýnar Efling jákvæðra viðhorfa til félags- og menningarlegs margbreytileika
9.2	Forysta og framtíðaráform	<ul style="list-style-type: none"> Kerfisbundin áætlanagerð og miðlun upplýsinga Markviss nýting þjarga
9.3	Efling starfsmanna og samvinnu	<ul style="list-style-type: none"> Efling forystuhæfni Myndun og viðhald tengsla Samstarf og teymisvinna
9.4	Forysta um framfarir og breytingar	<ul style="list-style-type: none"> Stuðningur og áskoranir Sköpun, nýbreytni og breytingar Stöðugar framfarir

1.1 Framfarir í skólastarfi

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Árangur/frammistaða nemenda yfir ákveðið tímabil• Gæði námsárangurs nemenda• Áhrif þróunaráætlunar skólans	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinin fjallar um árangur af stafi skólans. Hann snertir heildarárangur og framfarir nemenda í þá átt að verða öflugir námsmenn, sjálfsöruddgiggir einstaklingar, ábyrgir þegnar og virkir þátttakendur í samfélaginuⁱ. Gæðagreininirinn beinist einnig að því hversu vel hefur tekist að hrinda stefnu og sýn skólans í framkvæmd. Notkun þessa gæðagreinis ætti að taka mið af eðli skólans, samsetningu og bakgrunni nemendahópsins og aðstæðum í skólanumⁱⁱ.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Við höfum aukið árangur og/eða viðhaldið góðum námsárangri nemenda. Nemendur í skólanum okkar taka mjög góðum framförum í námi. Árangur einstaklinga og hópa nemenda hefur aukist jafnt og þétt. Árangur skólans er sambærilegur við aðra svipaða skóla og einnig við árangur á landsvísu, svo sem á samræmdum könnunarprófum. Við höfum aukið árangur í skólastarfi með tilliti til árangurs allra nemenda.• Á heildina lítið eru nemendur okkar farsælir, sjálfsöruddgiggir, ábyrgir og virkir í skólanum og samfélaginu. Þeir eru persónulega og félagslega hæfir og hafa náð árangri í fjölbreyttum viðfangsefnumⁱⁱⁱ.• Forgangsverkefni í umbótaáætlun/þróunaráætlun okkar hafa haft merkjanleg áhrif á árangur og velferð nemenda okkar og skólastarfið í heild. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Árangur hefur verið minni en í sambærilegum skólum eða farið minnkandi. Nemendur í skólanum okkar sýna takmarkaðar framfarir frá fyrri árangri. Einstaklingum og hópum fer lítið fram yfir ákveðið tímabil. Breytingar á árangri okkar eru ekki sambærilegar við aðra skóla af sömu stærð, né heldur á landsvísu. Þörfum allra nemenda, einnig þeirra sem höllum fæti standa, er ekki mætt á áhrifaríkan hátt.• Gengi nemenda er takmarkað vegna skorts á árangri og sjálfsöryggi og einhæfs námsframboðs. Við bjóðum fá tækifæri til persónulegs og fjölbreytts árangurs og margir nemenda okkar hafa litlar væntingar til sjálfra sín.• Þrátt fyrir að þróunaráætlun hafi skilað okkur nokkrum endurbótum í skólanum, hefur hún ekki verið notuð markvisst til að skilgreina eða forgangsráða þáttum sem stuðla að auknum árangri nemenda og bættis námsgengis.	

ⁱ Gögn um heildarframmistöðu skóla gefa vísbindingar um árangur í íslensku og stærðfræði, árangur á samræmdum prófum og árangur í öðrum könnunum eða samkeppni sem nemendur taka þátt í. Þau geta einnig gefið til kynna námsárangur almennt í samanburði við aðra svipaða skóla og á landsvísu, einstaklings- og félagsþroska nemenda og þátttöku þeirra í samfélagslegum verkefnum, félagsstörfum utan skóla og öðrum frístundaverkefnum. Slík gögn munu einnig gefa upplýsingar um hvað nemendur taka sér fyrir hendur að loknum skóla.

ⁱⁱ Við mat á fyrstu tveimur þemunum þarf að hafa tengda gæðagreina í huga, það er 5.2, 5.3 og 5.5.

ⁱⁱⁱ Hafa þarf gæðagreini 2.1 í huga.

1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur

<p>Dæmi</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjárhagsleg stjórnun• Samræmi skólastarfsins við lög og reglur og vilji til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir fjallar um hvernig skólinn uppfyllir lögboðnar skyldur. Hann beinir sjónum að mati á fjárhagslegri stjórnun sem er byggt á gögnum um fjárveitingar og meðferð fjármuna, einkum hversu vel þeir eru nýttir til að bæta námsumhverfi og skipulag náms nemenda. Hann tengist einnig mati á því hvernig skólinn bregst við lögboðnum fyrimælum og aðgerðum skólans til að uppfylla lög og tryggja að þörfum allra nemenda sé mætt.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjárhagsleg stjórn skólans tekur mið af forgangsverkefnum sveitarfélagsins og á landsvísu. Ákvarðanir okkar um fjármál endurspeglar þarfir skólans og nemenda hans. Þær hafa leitt til sýnilegra framfara í námi, kennslu og árangri nemenda.• Við uppfyllum vel lögbundnar skyldur og viðmið um starfshætti sem yfirvöld menntamála og fagaðilar setja. Starfsfólk nemendur, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar okkar þekkja hvers er vænst á þessum sviðum og taka þátt í að uppfylla lögboðnar skyldur. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjárhagsleg stjórn skólans tekur ekki nægjanlegt mið af ráðleggingum og forgangsverkefnum sveitarfélagsins og á landsvísu. Fjárhagsáætlanir eru ekki fyrirliggjandi á réttum tíma og þær ekki uppfærðar sem hindrar frekari áform varðandi fjárhagsstjórnun. Í sumum tilfellum höfum við ekki stutt nægilega við forgangsverkefni sem leiða til aukins árangurs í námi nemenda og skólastarfsins í heild.• Við uppfyllum ekki lögboðnar skyldur og viðmið um starfshætti eins og til er ætlast. Til dæmis verða stundum tafir á því að við uppfyllum og endurskoðum lög sem skipta máli. Nemendur okkar, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar eru ekki alltaf virkir þátttakendur og þeim ekki kunnugt um hvaða þýðingu uppfylling á lögboðnum skyldum hefur.	

2.1 Námsreynsla nemenda

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none">Að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska.	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir metur gæði námsreynslu nemenda. Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína og þarfir í námi og eru sáttir við hvernig tekið er tillit til sjónarmiða þeirra^{iv}.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">Nemendur okkar eru áhugasamir og virkir þátttakendur í námi sínu. Þeir taka virkan þátt í eigin námi og þroska og sýna vaxandi færni í námi. Þeir fá góða endurgjöf sem gerir þá meðvitaða um framfarir sínar og styrkleika sem námsmanna. Nemendur eru ábyrgir og leggja sitt af mörkum í skólastarfi og til samfélagsins. Í okkar skóla er komið fram við nemendur á jafnréttisgrundvelli og af sanngirni og virðingu. Næstum allir nemendur, að meðtöldum nemendum með sérþarfir, taka góðum framförum í námi og ná almennum árangri. <p>Nemendur okkar vita að leitað er eftir sjónarmiðum þeirra og komið til móts við þá. Þeir segja okkur að þeir séu mjög ánægðir með það sem skólinn hefur að bjóða. Þeim finnst þeir vera metnir að verðleikum, hafi eðlileg tækifæri til að koma fram með skoðanir sínar og að tekið sé tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í skólanum. Nemendur okkar eru farsælir, sjálfsöruggir og ábyrgir og gefa mikið af sér í skólanum og í samfélaginu. Nemendum finnst þeir vera öruggir og heilbrigðir, þeim finnst þeir ná árangri, vera virkir og ábyrgir þátttakendur sem njóta virðingar og hjálpa til við að rækta þessa eiginleika hjá öðrum.</p> <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">Nemendur eru ekki nægilega virkir þátttakendur í eigin námi. Þeir gera sér ekki næga grein fyrir styrkleikum sínum og möguleikum til að ná auknum árangri í námi. Þeir taka hvorki ábyrgð á eigin námi né stuðla að góðum skólabrag. Ekki er komið fram við alla nemendur af sanngirni, réttlæti og virðingu í skólanum okkar. <p>Nemendum finnst þeir hafa lítil áhrif á skólastarfið. Þeim finnst að starfsfólk skólans/skólinn virði ekki sjónarmið þeirra né sækist eftir þeim. Niðurstöður úr athugunum á stöðu nemenda, s.s. úr könnunum hvers konar, viðtölum og þ.h. gefa til kynna að margi nemendur skorti metnað og þeir taki ekki nægjanlegan þátt í námsframvindu sinni. Marktækur hluti nemenda skýrir frá því að þeim finnst þeir ekki vera öruggir, verndaðir né metnir að verðleikum í skólanum.</p>	

^{iv} Helstu gögn um þetta eru skipulagðar athuganir á námi nemenda, gögn um skólasókn, brottfall og brottvísanir úr skóla, greining á ofbeldisatvikum, gögn um einelti og kynþáttafordóma, þátttaka og árangur í íþróttum, menningar- og samfélagslegum viðburðum og námi utan skóla, þátttaka í jafningjafræðslu eða -stuðningi og hversu vel gengur að mæta náms- og félagsþörfum allra nemenda. Enn fremur greining rýnihópavíðtala og niðurstöður spurningakannana meðal nemenda og annarra hagsmunaaðila sem gefa til kynna hversu ánægðir þeir eru með starf skólans.

2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none"> Að hvaða marki, foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru virkir þátttakendur í starfi skólans. 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreininir varðar þátttöku foreldra, forráðamanna og fjölskyldna nemenda og sýn þeirra á gæði menntunar sem börn þeirra fá^v. Hann beinir sjónum sérstaklega að núverandi reynslu þessara hópa.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none"> Foreldrar allra nemenda, líka þeirra sem eiga erfitt uppdráttar í skólanum, gegna mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna. Þeir taka virkan þátt á fundum og viðburðum sem skólinn boðar til. Þeir leggja af mörkum eins og þeim er unnt til menntunar og þroska barna sinna, öryggis þeirra og heilsu með virkum stuðningi og frumkvæði að aðgerðum, ásamt starfsfólki skóla og samstarfsaðilum. Foreldrar og foreldrasamtök eru örugg í samstarfi við okkur. <p>Foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru ánægð með gæði menntunar sem við bjóðum upp á. Foreldrar láta í ljósi að við gefum þeim skýrar upplýsingar og skilaboð um námsframvindu barnanna og að við bregðumst skjótt og á gagnlegan hátt við skoðunum þeirra og fyrirspurnum.</p> <p>Foreldrar greina frá því að skólinn styðji þá og hvetji til að taka þátt í umræðum um menntun og hvernig þeir geti lagt af mörkum til þróunar skólans. Þeir eru mjög ánægðir með þau tækifæri sem þeir hafa til að stuðla að framförum í námi hjá börnum sínum.</p> <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none"> Hluti foreldra, ásamt þeim foreldrum sem eiga börn sem þurfa sértæk úrræði fær ekki nægjanlegan stuðning varðandi nám barna sinna. Hluti foreldra tekur ekki virkan þátt í samvinnu um nám barna þeirra. Samtök foreldra/foreldrafélög styðja skólastarfið en svigrúm er til frekari þátttöku þeirra. Aðsókn á foreldrafundi er í lágmarki og foreldrar fá takmarkaðar upplýsingar um námskrána, nám og kennsluhætti. <p>Foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru ekki alls kostar ánægð með gæði menntunar sem við veitum. Foreldrum finnst að þeim séu ekki gefin nægjanleg tækifæri til áhrifaríkrar þátttöku og samræðu um nám barna sinna og námsframvindu. Þeim finnst þeir ekki alltaf vera í aðstöðu til að vekja máls á áhyggjum af framförum barna sinna og að þeim séu ekki gefnar nægjanlegar upplýsingar.</p>	

^v Vísbandingar koma úr vettvangsathugunum, beinum samskiptum, samræðum og greiningu á viðeigandi gögnum og skjölum, spurningakönnunum og samræðum við hópa og einstaklinga sem fulltrúa skólans. Upplýsingar um kvartanir og hrós frá foreldrum og þátttöku foreldra á foreldrafundum gefa einnig vísbandingar.

3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">Skuldbinding starfsfólks og virk þátttaka þess í starfi skólans^{vi}.	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir varðar faglega þátttöku og skuldbindingu starfsfólks. Hann beinir einnig sjónum að sýn starfsfólksins á hlutverk sitt við að tryggja gæði námsreynslu nemenda^{vii}.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">Við höfum skýra sameiginlega sýn og skilning á því hvernig við veitum góða menntun. Við erum áhugasöm og leggjum metnað í að efla gæði skólustarfsins. Við tökum fúslega þátt í símenntun sem bætir árangur og stuðlar að framförum nemenda. Framlag okkar til skólustarfsins er áhrifaríkt og við vinnum vel saman í teyrum/hópum í skólanum og með samstarfsaðilum. Við gerum okkur ljóst hverjar skyldur okkar eru til að efla persónulegan og félagslegan þroska og heilbrigði allra barna og ungmenna. <p>Okkur finnst að í skólanum séum við metin að verðleikum, leitað eftir skoðunum okkar og við studd eftir þörfum. Okkur finnst sjónarmið okkar og hæfileikar, bæði einstaklinga og hópa, hafa áhrif á hvernig gæði starfsins og árangur nemenda eru eflað í skólanum. Við höfum jákvæða afstöðu til vinnuskilyrða og húsnæðis. Við höfum jákvæða afstöðu til starfsmannasamtala/starfsmannaviðtala og tækifæra til endurmenntunar. Okkur finnst við njóta stuðnings í starfi til að veita sem besta menntun.</p> <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">Við höfum ekki sameiginlega sýn á hvernig við getum veitt góða menntun í skólanum okkar. Verulegur hluti starfsmanna sýnir ekki samstöðu í skólustarfinu. Þrátt fyrir að margir starfsmenn sækist eftir þátttöku í umbótastarfi þá eru nokkrir sem leggja sig ekki fram um að taka virkan þátt í skólustarfinu og að standa sig vel í starfi. Í teyma- og hópavinnu koma fram veikleikar í samstarfi, sumum starfsmönnum finnst að ábyrgð á námsframvindu og námsárangri nemenda sé ekki á ábyrgð þeirra sjálfra heldur varpa henni yfir á einstaka kennara eða á einstakar deildir í skólanum. <p>Verulegum hluta af starfsfólkinu finnst að það sé ekki metið að verðleikum. Okkur finnst að þær stjórnunarákvarðanir sem teknar eru í skólanum okkar gætu verið meira krefjandi og til þess fallnar að styðja okkur í starfi. Okkur finnst of fá tækifæri gefast til teymis- og hópavinnu. Við myndum fagna aukinni umræðu um skólustarfið þar sem við gætum tekið þátt í að finna leiðir til að auka námsárangur, ígrunda starf okkar, ræða um vinnuskilyrði og starfsþróun okkar.</p>	

^{vi} Hér er átt við allt starfsfólk skólans. Þar með talið starfsfólk félagsþjónustu, kennara, þroskaþjálfara, umsjónarmenn tómtundastarfs, lögreglu, starfsfólk heilsugæslu, ráðgjafa og meðferðaraðila, sálfræðinga, starfsmenn á skrifstofu, við ræstingu, blönduð störf og húsvörslu.

^{vii} Vísbendingar eru m.a. gögn um leyfi og aðrar fjarvistir starfsfólks og starfsmannavelta. Hér er einnig þörf á skipulögðum athugunum, skjalaskoðun og umræðum í skólanum í heild, í deildum þar sem við á og við einstaklinga.

4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir varðar árangursríka þátttöku skólans í nærsamfélaginu. Hann tekur á skilningi samfélagsins á starfi skólans og að hvaða marki einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir telja skólann og samfélagið starfa saman^{viii}.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Aðilar í nærsamfélaginu eru virkir þátttakendur í skólastarfinu. Við vinnum með stofnunum og félagasamtökum í nærsamfélaginu (s.s. skólaskrifstofu, fjölskylduþjónustu og Rauða krossinum) að því að styðja nemendur og fjölskyldur þeirra, t.d. við að meta þarfir nemenda, auðga reynsluheim þeirra eða veita stuðning sem dregur úr hindrunum í námi. Einstaklingar, fjölskyldur og hópar í samfélaginu taka virkan þátt í starfi og viðburðum skólans sem og í ákvörðunum sem snerta samfélagið. <p>Samfélagið okkar og vinnuveitendur vitna um gæði þeirrar menntunar sem við bjóðum upp á. Þeir telja að sú menntun sem skólinn býður hafi aukið áhuga og þátttöku nemenda og fjölskyldna þeirra, einnig þeirra sem þurfa á sérúrræðum að halda. Samfélagið skynjar að við tökum mið af skoðunum þess og sjónarmiðum, s.s. í sambandi við orðstír skólans og hlutverk hans sem einnar af grunnstoðum samfélagsins og öxlum ábyrgð á að taka við umkvörtunum frá samfélaginu og stuðla þannig að virkri þátttöku þess í skólastarfinu. Samstarfsaðilar og stofnanir láta í ljósi að skólinn okkar eigi árangursríkt samstarf sem auðgar bæði okkar starf og þeirra.</p> <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Íbúar samfélags okkar taka ekki nægilega virkan þátt í skólastarfinu. Fulltrúar úr samfélaginu eru upplýstir um starfsemi skólans og þá þjónustu sem skólinn veitir en hafa ekki næg tækifæri til áhrifa á skólastarfið. Stuðningur okkar við stofnanir samfélagsins er mótsagnakenndur og þar skortir skýra stefnu. Skólinn kemur ekki til móts við þarfir samfélagsins og verkefni þess. <p>Íbúar samfélagsins vitna um lítil áhrif þeirra á skólastarfið. Gaumur er ekki gefinn að væntingum íbúanna og ábendingum varðandi það hvernig skólinn geti náð auknum árangri og hvernig hægt er að ná fram aukinni þátttöku samfélagsins í skólastarfinu. Samstarfsaðilar skólans og stofnanir telja að skólinn gæti unnið markvissar með þeim.</p>	

^{viii} Vísbendingar fást úr gögnum sem til eru, úr viðhorfakönnunum og spurningalistum, og með samræðum við fulltrúa samfélagsins, þá sem veita þjálfun, sjálfbóðastofnanir, vinnuveitendur, fyrirtæki og opinberar stofnanir.

4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

<p>Pemu</p> <p>Að hve miklu leyti skólinn:</p> <ul style="list-style-type: none">• hvetur til nýbreytni og styður við umbótastarf, lærir af frumkvöðla-starfi og tileinkar sér árangur þess• hefur áhrif á stefnu og starf í víðu samhengi• sér fyrir og bregst fljótt og á sveigjanlegan hátt við breytingum• lætur sig varða og tekur þátt í samræðu um málefni heimsins	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir varðar áhrif skólans á samfélagið í heild, þar með talið menntasamfélagið í víðum skilningi. Hann fjallar um hvernig menning skólans stuðlar að nýjungum og styður við skapandi starf og nýbreytni. Jafnframt hvernig skólinn axlar ábyrgð sína, eftir því sem honum er unnt, á að deila með öðrum árangri í starfi og útbreiða hann. Einnig að vera skóli sem leitar sóknarfæra og gengur vel að takast á við breytingar. Þessi gæðagreinir tekur ennfremur á áhrifum skólans á þróun skólasterfs í víðu samhengi^{ix}.</p>
---	--

Dæmi um einkunnina 5

- Við erum vel upplýst um þróunarverkefni sem tengja okkur við aðra skóla á landinu eða í öðrum löndum, og í sumum tilfellum þátttakendur í slíkum verkefnum. Við höfum tileinkað okkur og lagað að aðstæðum okkar frumkvöðlaverkefni jafnt frá innlendum sem erlendum skólum. Við vinnum með ýmsum aðilum, s.s. öðrum skólum, sjálfbóðasamtökum og góðgerðafélögum sem hafa eftirsóknarverð markmið um þróun samfélags og umhverfis og hafa átt þátt í að auka gæði skólasterfs og þjónustu við nemendur.
- Við erum þátttakendur í þróunarverkefnum í samstarfi við menntayfirvöld á sveitarfélagsstigi eða á landsvísu.
- Skólinn okkar leggur áherslu á að tileinka sér nýjar aðferðir til að mæta breyttum þörfum. Við tryggjum að ákvarðanir sem teknar eru í skólasterfi séu nemendum ætíð til hagsbóta.
- Skólinn okkar beinir sjónum út á við. Við erum vel meðvituð um og tökum þátt í umræðum um málefni er snertir fólk á ólíkum svæðum. Við menntum nemendur okkar til að taka þátt í sjálfbærri þróun og búum þá undir þátttöku í samfélagi þjóðanna.

Dæmi um einkunnina 2

- Skólamenning okkar einkennist hvorki af nýsköpun né vilja til umbóta. Skólinn býður upp á menntun sem mætir nokkurn veginn þörfum nemenda. Sjaldan er unnið að nýsköpunarverkefnum og við leitumst ekki við að læra af góðri reynslu annarra skóla, hvorki hér á landi né erlendis.
- Fáir starfsmenn taka þátt í störfum um skólamál utan skólans. Skólinn okkar hefur lítil áhrif á skólasterf utan okkar samfélags.
- Við bregðumst ekki nógu vel við breytingum. Við höfum yfirleitt ekki frumkvæði að breytingum þegar þörf er á varðandi nám og kennsluhætti til hagsbóta fyrir nemendur.
- Við höfum takmarkaðan skilning á málefnum samfélagsins og búum nemendur okkar ekki undir virka þátttöku í alþjóðasamfélaginu.

^{ix} Vísbendingar koma frá þróunarvinnu sem á rætur að rekja til fyrirmynda að gæðastarfi innanlands eða erlendis frá eða til reynslu starfsmanna sem hafa áhrif á þróun í víðu samhengi.

5.1. Skólanámskrá

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Forsendur og framsetning skólanámskrárinnar • Þróun námskrárinnar • Námsgreinar og námsþættir • Færsla nemenda á milli skólastiga^x 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinin fjallar um hvernig viðfangsefni og námsgreinar, samþætting námsgreina, skólabragur og tækifæri einstaklinga til að ná árangri hjálpar nemendum til að verða öflugir námsmenn, öruggir einstaklingar og ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Gæði skólanámskrár á öllum stigum skólans eru í brennidepli og einnig ákvarðanir skólans um að þróa skólastarfið og auka sveigjanleika þess til að mæta þörfum allra nemenda.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skólanámskráin okkar markar skýra stefnu sem byggð er á sameiginlegu gildismati. Í henni er stuðlað að krefjandi viðfangsefnum, starfsánægju, breidd, jafnvægi, framvindu, samhengi, einstaklingsmiðun, og vali í námi allra nemenda. Skólanámskráin tekur mið af kringumstæðum bæði í nærsamfélaginu og í samfélaginu í heild. Í henni er svigrúm fyrir einstaka kennara og kennarahópa til að efna til vel ígrundaðra þróunarverkefna til að mæta þörfum nemenda. • Við þróum og endurbætum skólanámskrána reglulega þar sem allt starfsfólkið tekur þátt og tekið er tillit til skoðana nemenda okkar og foreldra þeirra. Við ígrundum sameiginlega umfang og gæði námsreynslu nemenda, áhrifin sem sú námsreynsla hefur á nemendur og hvaða árangri þeir ná. Við skipuleggjum af kostgæfni alla nýbreytni í námskrá, í samráði við þá sem málið varða, s.s. hvernig við lögum hana að þörfum nemenda og veitum þeim tækifæri til að velja sér leiðir til sérhæfingar eftir því sem við á. • Áætlanir okkar og námsleiðir eru áhugaverðar, krefjandi og veita ánægju. Við bregðumst við og mætum þörfum nemenda. Skipulag skólastarfsins styður framvindu námsgreina og tengsl milli námsþátta. Kennarar þróa færni nemenda í lestri-, ritun-, og stærðfræði samkvæmt áætlun skólanámskrár. Skólanámskráin okkar stuðlar mjög vel að alhliða framförum og nemendur okkar vaxa úr grasi sem nýtir þjóðfélagsþegnar. • Við tryggjum að þegar nemendur flytjast á milli skóla eða taka þátt í skólastarfi í öðrum skólum (s.s. tólistarskóla, framhaldsskóla) haldist samfella og framvinda í námi þeirra. Við stuðlum að því að nemendur okkar séu skapandi, áræðnir og undirbúnir fyrir starfsumhverfi og starfsferil sinn í framtíðinni. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í skólanámskránni okkar eru veikir þættir, s.s. varðandi breidd, jafnvægi og framvindu náms. Ekki er hugað nóg að því að efla borgaravitund nemenda eða að uppfylla opinber tilmæli um skólastarf. Þrátt fyrir að við mætum þörfum þorra nemenda þurfum við að huga betur að sumum hópum nemenda eða veikum þáttum í skólanámskránni. Það er ekki nóg rými fyrir sveigjanleika eða nýbreytni í skólastarfi. • Þróun skólanámskrárinnar okkar er ekki byggð á árangursríku sjálfsmati og hefur ekki nýtt sérhæfingu starfsfólks til fulls. Við höfum ekki endurbætt skólanámskrána okkar sem skyldi til að bregðast við breyttum áherslum og ekki lagað hana nægilega vel að breyttum þörfum nemenda okkar. Val er takmarkað að magni og gæðum eða stendur aðeins fáum nemendum eða nemendahópum til boða. • Skólanámskráin tryggir ekki stuðning við nemendur svo þeir geti nýtt sér hæfileika sína til fulls til að ná árangri. Sumar áætlanir okkar og námsleiðir eru hvorki nægilega hvetjandi né krefjandi fyrir nemendur. Við þurfum að laga skólanámskrána betur að þörfum nemenda og nemendahópa. Skipulag skólastarfsins og tengsl milli námsþátta, sérstaklega í lestri, ritun og stærðfræði, þarfnast endurbóta. Ekki er nægilega mikil áhersla lögð á viðeigandi þekkingu, færni, skilning og almennt námsgengi í skólanámskránni. • Við erum ekki í góðu samstarfi við aðra skóla til að tryggja samfellu í námi þegar nemendur flytjast á milli skóla. Við tryggjum ekki alltaf að nemendur okkar séu skapandi og framtakssamir eða tilbúnir til að taka þátt í atvinnulífinu. 	

^x Tengja ætti við niðurstöður úr þema 2 í gæðagreini 5.8

5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Pemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none"> • Námsmenning og kennsluaðferðir • Samskipti kennara og nemenda, og þátttaka nemenda í námsverkefnum • Skýrleiki og tilgangur tjáskipta • Mat sem liður í kennslu 	<p>Þessi gæðagreinir varðar gæði kennslu sem leiðir til árangurs í námi í jákvæðu umhverfi sem veitir auðuga námsreynslu og stuðlar að virkri þátttöku og rökhusun nemenda. Hann undirstrikar þörfina á því að kennarar noti fjölbreyttar og vel ígrundaðar kennsluaðferðir þar sem samskipti kennara og nemenda eru hvetjandi og í samræmi við þarfir nemenda. Hann dregur sérstaklega fram samspil kennara og nemenda og hvernig það er notað til að velja kennsluaðferðir og viðfangsefni sem uppfylla þarfir nemenda. Einnig tekur gæðagreinirinn á mikilvægi upplýsinga og upplýsingatækni í skólastarfi til að auðga kennslu, styrkja nám og hvetja til náms.</p>
Dæmi um einkunnina 5	
<ul style="list-style-type: none"> • Á grundvelli sameiginlegra gilda okkar sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Við komum til móts við námsþarfir nemenda og áhuga þeirra og viðhöldum athygli þeirra. Við ræktum með nemendum okkar áhugasemi, sköpunarþörf og gagnrýna hugsun. Verkefni sem við leggjum fyrir nemendum okkar, bæði í skóla og í heimanámi eru vel skipulögð og krefja nemendum um virka þátttöku þar sem þeir vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra við lausnaleit. Við notum upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu. • Við gerum nemendum okkar grein fyrir tilgangi kennslustunda. Nemendur eru meðvitaðir um hvað þarf til að taka framförum og ná árangri í námi. Útskýringar okkar og leiðbeiningar eru skýrar og byggðar á fyrra námi og reynslu nemenda. Við tryggjum að nemendur fái tækifæri til að bera ábyrgð á eigin námi og á félagslegum samskiptum sínum við aðra. Nemendur njóta þess að taka þátt náminu og þeir taka framförum sem námsmenn. Þeir taka virkan þátt í náminu og hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn. Við notum endurgjöf markvisst til að stuðla að framförum í námi. • Kennsla okkar krefst virkrar þátttöku nemenda og við hvetjum þá til að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga. Við notum hvetjandi spurningar og samræðu til að örva áhuga nemenda, hvetja þá til ígrundunar og efla sjálfstraust þeirra. Við hvetjum nemendur til að tjá skoðanir sínar, virðum svör þeirra að verðleikum og tökum mið af þeim við skipulagningu skólastarfs. • Í kennslustundum tökum við skynsamlegar ákvarðanir og bregðumst fljótt við til að tryggja að námsþörfum allra nemenda sé mætt, þeim bjóðist viðeigandi stuðningur og krefjandi viðfangsefni. Við gerum okkur grein fyrir styrkleikum og veikleikum í þekkingu og hæfileikum nemenda. 	
Dæmi um einkunnina 2	
<ul style="list-style-type: none"> • Námsumhverfi okkar er ekki nógu hvetjandi fyrir nemendur og er ekki til þess fallið að stuðla að gagnrýninni og skapandi hugsun nemenda. Náms- og kennsluaðferðir, sem við notum mæta ekki alltaf þörfum nemenda okkar. Við notum ekki fjölbreyttar, viðeigandi leiðir í námi og kennslu. Við sköpum of fá tækifæri fyrir nemendur til að þroska með sér virka þátttöku þar sem þeir geta unnið sjálfstætt, fullir sjálfstrausts. Við nýtum okkur ekki upplýsingatæknina sem skyldi í námi og kennslu. Við sjáum nemendum fyrir heimanámi en það er ekki alltaf vel skipulagt og ekki í samræmi við námið hverju sinni. • Við erum ekki samtaka um að gera nemendum grein fyrir tilgangi kennslustunda eða að útskýra fyrir þeim hvað þurfi til, til að ná árangri sem námsmenn. Samskipti okkar við bekkinn, námshópin og einstaklinga eru hvorki styðjandi né krefjandi fyrir nemendur. Við gefum nemendum ekki nægan tíma til ígrundunar áður en við veitum endurgjöf. Við þurfum að veita nemendum fleiri tækifæri til að taka ábyrgð á námi sínu og í samskiptum við aðra. • Samræða okkar við nemendur er of kennarastýrð. Við notum ekki svör nemenda á áhrifaríkan hátt til að hvetja þá til að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga. Við virkjum ekki alla nemendur nógu vel. • Við bregðumst ekki alltaf við þegar skilningur nemenda okkar er ekki nægur og tryggjum ekki að kennsluhættir okkar hæfi þörfum þeirra. Einstaka nemendur hafa takmörkuð tækifæri til að fá endurgjöf um verkefni sín og leiðbeiningar um hvernig þeir geta náð auknum framförum í námi. 	

5.3 Til móts við námsþarfir

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Verkefni, viðfangsefni og úrræði• Greining námsþarfa• Hlutverk kennara og sérfræðinga• Framkvæmd í samræmi við ákvæði laga	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir fjallar um hvernig skipulag skólstarfs uppfyllir þarfir allra nemenda og hvernig tekist er á við hindranir í námi. Þetta felur í sér hversu meðvituð við erum um þarfir einstakra nemenda og nemendahópa og hvernig þeir eru studdir til að takast á við áskoranir og hindranir í náminu sem stafa til dæmis af fötlun, fjölskylduaðstæðum, heilsufari og félagslegum eða tilfinningalegum aðstæðum.</p>
---	--

Dæmi um einkunnina 5

- Við mætum námsþörfum allra nemenda og nemendahópa og veljum viðfangsefni af kostgæfni. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Námsframboð og námsáætlanir mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda. Námshraði er einstaklingsmiðaður.
- Við gerum okkur far um að fylgjast stöðugt með og bregðast við þörfum nemenda, ekki síst einstakra nemenda sem hafa þarfir sem eru mjög frábrugðnar þörfum skólafélaganna. Þetta gerum við með nánu samstarfi við nemendur, foreldra þeirra og stoðþjónustu.
- Við höfum frumkvæði og tökum uppbyggilegar ákvarðanir sem miða að því að tryggja að mögulegar hindranir, s.s. í námsumhverfi eða vegna fjölskylduaðstæðna, heilsufars, fötlunar eða annars standi ekki í vegi fyrir námi nemenda. Sérkennarar og stuðningsúrræði skólans veita starfsfólki og nemendum góðan stuðning og ráð til að mæta námsþörfum nemenda.
- Einstaklingsnámskrár og stuðningsáætlanir innihalda viðeigandi námsmarkmið fyrir nemendur. Foreldrar og nemendur taka virkan þátt í endurskoðun námsáætlana og námsmatsþarfa.

Dæmi um einkunnina 2

- Þrátt fyrir að við mætum þörfum einstakra nemenda að hluta til tökum við ekki alltaf mið af fyrra námi þeirra. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita ekki þann stuðning og ögrun sem nemendur þurfa til að ná næstu skrefum í náminu.
- Við tökum skref í áttina að því að greina námsþarfir nemenda en beinum sjónum okkar hvorki nægilega að þeim sem þurfa á viðbótarstuðningi að halda né að nemendum sem þurfa aukin krefjandi verkefni. Það sjást veikleikamerki á skipulagi samvinnu við nemendur, foreldra þeirra og viðeigandi stuðningsaðila um það hvernig við lífum á námsþarfir nemenda.
- Þegar við skipuleggjum nám og stuðningskennslu veitum við ekki athygli þáttum sem geta staðið í vegi fyrir námi. Sérkennarar og samstarfsaðilar og aðrir þeir er koma að ráðgjöf um nám veita takmarkaða aðstoð, stuðning og fræðslu til þeirra sem á þurfa að halda s.s. til starfsfólks og nemenda, um það hvernig við mætum námsþörfum nemenda.
- Við nýtum gildandi löggjöf ekki vel til að mæta námsþörfum nemenda. Skýrslugerð og gagnavarsla varðandi þarfir einstakra nemenda er ábótavant.

5.4 Mat í þágu náms/ leiðsagnarmat

Þemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none">• Matsaðferðir• Áætlanir um nám og viðfangsefni• Notkun matsupplýsinga til að greina námsstöðu nemenda og skipuleggja áframhaldandi nám• Fyrirkomulag skráningar og vitnisburðar	<p>Þessi gæðagreinin varðar skuldbindingu starfsfólks, nemenda og foreldra til að nýta fjölbreyttar niðurstöður námsmats til að efla nám og þroska og íhuga gæði kennslunnar. Hann beinir sjónum að námsmati sem lykilmætti í námi nemenda, kennslu og gæðum námsverkefna sem hæfa öllum nemendum. Gæðagreininirinn dregur fram mikilvægi þess að nemendur, foreldrar og kennarar vinni saman að því að setja markmið. Hann tekur einnig á ábyrgð kennara á að tryggja viðeigandi framfarir í námi hjá öllum nemendum.</p>

Dæmi um einkunnina 5

- Námsmat okkar er byggt á skipulegum samskiptum og umræðum við nemendur og byggir á grunduðum og krefjandi spurningum um árangur í námi. Við notum fjölbreyttar aðferðir til að virkja nemendur í umræður um eigin skilning og framfarir.
- Við veitum nemendum okkar vandaða endurgjöf og hjálpum þeim að skilja næstu skref í náminu. Nemendur okkar taka sjálfir þátt í að meta eigin framfarir og taka reglulega þátt í jafningjamati. Við lögum kennslu okkar og þann stuðning sem veittur er nemendum, að niðurstöðum leiðsagnarmats.
- Við skipuleggjum góð námsverkefni byggð á þekkingu okkar á námi, námsárangri og þroska nemenda. Við þekkjum vel og bregðumst við þörfum allra nemanda, styrkjum færni þeirra og hæfileika og tökum mið af fyrra námi þeirra.
- Við notum upplýsingar úr námsmati vel til að meta nám og kennslu og stuðla að bættu skólastarfi. Við skoðum og metum hvern einstakling gaumgæfilega. Við deilum reynslu af námsmati okkar með samstarfsfélögum og ræðum hana til að tryggja að námskröfur séu samræmdar, fylgjumst með árangri og notum upplýsingarnar við námsáætlanagerð. Nemendur taka virkan þátt í samræðu um hvað eigi að læra og hvernig eigi að bæta námsárangur.

Dæmi um einkunnina 2

- Þrátt fyrir að við höfum almenna yfirsýn á námsframvindu nemenda er hún stundun byggð á veikum grunni. Við virkjum nemendur ekki alltaf til samræðna um námsmat og veitum þeim ekki góða endurgjöf. Nemendur taka ekki fúslega þátt í mati á námsframvindu sinni. Við bregðumst ekki alltaf á virkan hátt við viðbrögðum nemenda í kennslustundum.
- Við skipuleggjum nám og kennslu vandlega en einstaklingsmiðum þær ekki nógu vel eða notum til þess þekkingu okkar á námi nemenda, námsframvindu og úrræðum sem við höfum fengið upplýsingar um, t.d. frá sérfræðingum og samstarfsfólki.
- Við þyrftum að nota matsupplýsingar betur til að bæta störf okkar. Á sumum sviðum er námsmat ofnotað. Við fylgjumst með námsárangri nemenda og nýtum sumar upplýsingar sem við höfum til skipulagningar en nemendur skilja ekki alltaf hvers er vænst af þeim í námi og hvernig þeir geta tekið framförum.
- Skipulag okkar á skráningu birtir ekki augljóslega námsframvindu nemenda. Við greinum foreldrum og nemendum frá almennum skrefum í námsframvindu en ekki frá bestu leiðum til námsárangurs. Foreldrar eru óruggir vegna hugtaka sem okkur er tamt að nota. Við veitum ekki reglulega upplýsingar um framfarir nemenda.

5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Pemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none"> Væntingar starfsfólks og notkun hróss Væntingar nemenda og skilningur þeirra á árangri Efling og viðhald skólabrags sem stuðlar að árangri Samskipti starfsfólks og nemenda 	<p>Þessi gæðagreinir fjallar um væntingar starfsfólks og nemenda og að hvaða marki skólasamfélagið heldur á lofti skólabrag sem einkennist af væntingum um námsárangur allra. Gæðagreinirinn tekur á því hvernig skólinn veitir nemendum krefjandi en um leið viðráðanleg viðfangsefni og hvernig nemendum er hrósað fyrir vel unnin verk. Árangur er í brennidepli og gagnkvæm virðing ríkir milli starfsfólks og nemenda.</p>

Dæmi um einkunnina 5

- Skólinn okkar hefur trú á getu sinni til að ná árangri í skólastarfi. Við væntum þess ávallt að nemendur nái sínum besta námsárangri. Við ætlumst einnig til þátttöku og góðrar hegðunar og gerum nemendum og foreldrum grein fyrir því. Við hrósum fyrir árangur að vel athuguðu máli og við hrósum bæði einstaklingum og nemendahópum. Nemendur kunna að meta hrós sem þeir hafa unnið fyrir og það hvetur þá áfram.
- Nemendur hafa miklar væntingar til sjálfra sín og annarra. Þeir hafa skilning á námsárangri og bregðast vel við tækifærum sem þeir fá til að bera ábyrgð. Vinna nemenda er sýnileg í skólastofum, í opnum rýmum í skólanum og á öðrum stöðum í samfélaginu. Árangur nemenda utan hefðbundins skólastarfs er metinn og haldið á lofti í skólanum.
- Við vitum að allir geta lært og tekið framförum og það endurspeglast í viðhorfum okkar og störfum. Við leitum allra leiða til að tryggja að nemendur eigi ekki á hættu að fara á mis við námstækifæri. Við gerum nemendum okkar kleift að ná árangri. Áhugi nemenda okkar endurspeglast í jákvæðu viðhorfi þeirra til náms, árangurs og framfara. Við notum fjölbreyttar aðferðir til endurgjafar þegar við fögnum góðum árangri nemenda, nemendahópa, starfsfólks og skólasamfélagsins í heild.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og reist á grunni gagnkvæmrar virðingar og sjálfsvirðingar innan liðsheildar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Nemendur okkar koma vel fram og taka tillit til annarra.

Dæmi um einkunnina 2

- Við höfum litlar væntingar til námsárangurs, skólasóknar og hegðunar nemenda. Notkun hróss er ekki markviss hjá okkur og við nýtum ekki jákvæða styrkingu nægilega til að styðja við góða hegðun. Þetta leiðir til slakrar námsframmistöðu og áhugaleysis sumra nemenda.
- Of margir nemendur vanmeta getu sína til náms. Suma nemendur skortir sjálfstraust, þeir hafa ekki trú á eigin námsgetu og eru ekki tilbúnir til að bera ábyrgð á námi sínu. Við sjáum nemendum ekki fyrir krefjandi en um leið viðráðanlegum markmiðum í námi þannig að þeir upplifi velgengni. Vitneskja um námsárangur nemenda er lítil í samfélaginu.
- Við stuðlum ekki öll að skólabrag sem setur árangur í fyrsta sæti. Námsumhverfið okkar er styðjandi en ekki hvetjandi og nemendur sýna litla viðleitni í átt að bættri frammistöðu. Þrátt fyrir að lögð sé áhersla á góðan námsárangur á sumum sviðum, er skortur á því að þannig sé háttað á öllum sviðum skólastarfsins. Við veitum námsárangri nemenda litla athygli og segjum hvorki frá né ræðum um námsárangur nemenda.
- Samskipti á milli starfsfólks og nemenda eru yfirleitt jákvæð en ekki alltaf byggð á grunni trausts og virðingar. Skólabragur í kennslustundum er viðunandi á mörgum sviðum en birtist ekki alltaf sem rólegur og vinnuhvetjandi og hegðun er stundum ábótavant.

5.6 Jafnrétti og sanngirni

Pemu <ul style="list-style-type: none">• Leiðir til námsaðlögunar - skóli fyrir alla• Stuðlað að jafnrétti og sanngirni• Trygging jafnréttis og sanngirni	Yfirlit gæðagreinis <p>Þessi gæðagreinin metur hvernig skólinn stuðlar að og tryggir jafnrétti og sanngirni í ætluðum um kennslu og nám í skólanámskránni og í öllu skólastarfi. Hann tekur á þætti starfsfólks og annarra aðila sem vinna að málefnum nemenda til að tryggja að allir nemendur séu virkir þátttakendur í skólastarfinu. Hann fjallar einnig um að fjölbreytileiki sé tryggður og metinn að verðleikum innan og utan skóla^{xi}.</p>
--	---

Dæmi um einkunnina 5

- Allir nemendur okkar og foreldrar þeirra eru velkomnir í skólann, þarfir þeirra metnar og þeim mætt í samvinnu starfólks skólans og samstarfsaðilum þar sem þörf er á. Við höfum árangursríkar leiðir til að draga úr hindrunum er verða á vegi okkar varðandi nám og framfarir og tryggjum að nemendur og foreldrar þeirra taki virkan þátt í skólastarfinu. Skólastarfið einkennist af þátttöku allra og góðri framkomu þar sem byggt er á virðingu fyrir öllu skólastarfi. Við gerum okkur far um að virkja nemendur sem eru fráhverfir skóla og fjölskyldur þeirra og gefum þeim tækifæri til að öðlast reynslu af því að ná árangri og tilheyra samfélaginu innan skólans jákvæðum hætti. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að nemendum sem eiga erfitt uppdráttar í námi.
- Við leggjum áherslu á að sýna í verki þau gildi sem skólinn stendur fyrir. Við væntum þess af starfsfólki og nemendum að þeir beri ábyrgð, láti sig varða líðan annarra og hafi jafnrétti og sanngirni að leiðarljósi í samskiptum sín á milli. Við styðjum jöfn tækifæri og jafnan aðgang í starfi okkar. Við kunnum að meta og stuðlum að margbreytileika í skólanum og samfélaginu utan hans en jafnframt leggjum við áherslu á það sem er sameiginlegt í gildum okkar og reynslu. Við ræðum opinskátt og á uppbyggilegan hátt um jafnrétti. Nemendur okkar eru öryggir í að greina og ræða um mismunun/misrétti.
- Við fögnum margbreytileika. Berum virðingu fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki og komum fram við þau af sanngirni. Í skólanum okkar ríkir jafnrétti og allir fá sömu tækifæri til þátttöku og árangurs, óháð menningarlegum bakgrunni, tungumáli, fötlun, kyni, uppruna, trú, kynhneigð og sérþörfum.

Dæmi um einkunnina 2

- Við tókum skref í áttina að því að fjarlægja hindranir í námi en mörgum nemendum finnst þátttaka þeirra í skólastarfinu ekki vera metin að verðleikum. Við vinnum með samstarfsstofnunum en í samvinnunni metum við þarfir nemenda okkar ekki nógu farsælega til að tryggja að námsþörfum allra sé mætt. Sumir nemendur og fjölskyldur þeirra upplifa sig ekki sem hluta af skólasamfélaginu heldur finnst skorta á getu sína til að taka þátt í skólastarfinu af fullum krafti.
- Í skólanum okkar ríkir ekki nægilegt réttlæti og sanngirni. Við sýnum ekki í verki að við metum mikils þjóðerni, trú, fjölbreytileika menningar og tungumála og við styðjum ekki samstarf milli hópa. Sumir nemendahópar fá minni tækifæri en aðrir í skólastarfinu. Nemendur eru ekki vel undirbúnir til að stuðla að jafnrétti og sanngirni né heldur að koma auga á eða bregðast við misrétti í lífi og starfi.
- Við tókum mörg skref í áttina að því að hlúa að nemendum, foreldrum og starfsfólki af virðingu og sanngirni en þrátt fyrir það þurfum við að fylgjast betur með og meta árangur okkar á þessu sviði á markvissari hátt. Það gætir mismunandi áherslna meðal starfsfólks á málefnum er varða jafnrétti og sanngirni. Starfsfólk, nemendur og gestir skólans eru örugg en sumir efast um hvort þeir eru metnir að verðleikum.

^{xi} Þegar unnið er með þennan gæðagreini ættu skólar að nota upplýsingar um árangur og framfarir mismunandi hópa, svo sem stráka og stelpna, nemenda af mismunandi þjóðerni, flóttamanna, fósturbarna, nemenda með annað móðurmál en íslensku, nemenda með fötlun og hvern þann hóp sem gæti átt undir högg að sækja.

5.7 Samstarf við nemendur og foreldra

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka foreldra í námi barna sinna og starfi skólans • Samráð og samskipti við nemendur og foreldra • Samræður við nemendur og foreldra um skólastarfið 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir tekur fyrir samstarf skólans við heimili og fjölskyldur og áhrif þess á nám og námsframvindu. Hann beinir sjónum að því hvernig skólinn virðir alla foreldra og fjölskyldur nemenda og framlag þeirra til að styðja við nám sem grundvallaratriði í árangursríkum gagnkvæmum samskiptum. Gæðagreinirinn tekur einnig á því hvernig skólinn stuðlar að þátttöku foreldra í námi barna, leiðum skólans til að fá fram skoðanir foreldra, bregðast við þeim og koma upplýsingum um skólastarfið á framfæri við foreldra.</p>
--	--

Dæmi um einkunnina 5

- Aðferðir okkar við að virkja foreldra og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi eru skipulagðar, hafa tilgang og leiða til árangursríkra gagnkvæmra samskipta bæði við einstaka foreldra/forráðamenn og foreldrahópa um nám nemenda og starf skólans. Í skólann okkar eru allir velkomnir. Við leggjum okkur fram um að hvetja foreldra til að taka þátt í menntun og umönnun barna sinna. Við reynum sérstaklega að ná til þeirra sem eru ekki virkir í samskiptum við skólann. Við styðjum foreldra til þess að skilja og taka virkan þátt í umræðum um framfarir barna sinna og um leiðir til samvinnu um næstu skref í námi. Við mætum þörfum foreldra um samráðstíma sem þeim hentar svo framarlega sem okkur er unnt.
- Við notum skilvirkar leiðir til samskipta og samráðs við foreldra og nemendur um gæði menntunar og rekstur skólans. Við notum fjölbreyttar samskiptaleiðir, s.s. samtöl, bréfaskriftir, tölvupóst, símtöl og setjum upplýsingar fram á heimasíðu skólans. Fulltrúar nemenda og foreldra eiga aðild að skipulagningu skólastarfsins. Skýrar boðleiðir eru fyrir foreldra til að koma kvörtunum á framfæri og foreldrar skilja hvernig á að nota þær. Við svörum erindum foreldra og þegar tillögur þeirra samræmast ekki skólastarfinu útskýrum við það. Við notum árangursríkar leiðir til að mæta fjölbreyttum þörfum foreldra/forráðamanna, svo sem vegna fötlunar og veitum túlkapjónustu.
- Við greinum foreldrum og nemendum árlega frá helstu forgangsverkefnum okkar og lyknilniðurstöðum um skólastarfið. Við gefum greinargóðar upplýsingar á viðeigandi hátt um lykilþætti í störfum okkar. Sjálfsmatsskýrsla skólans dregur á greinargóðan hátt fram styrkleika skólans og sóknarfæri í starfi hans. Við fögnum því þegar foreldrar hafa frumkvæði að því að taka upp málefni sem varða skólann og þróun skólastarfsins umfram það sem tengist þeirra eigin börnum sérstaklega.

Dæmi um einkunnina 2

- Við sjáum foreldrum og fulltrúum þeirra fyrir verkefnum og stuðningi en náum ekki að flétta þátttöku þeirra í skólastarfinu á skipulagðan og ákveðinn hátt. Við hvetjum foreldra til þátttöku í námi barna sinna, t.d. í gegn um heimanám en gefum þeim ekki nægar leiðbeiningar til að styðja börn sín. Við bjóðum foreldra velkomna til þátttöku í skólastarfinu en höfum ekki náð að virkja nema hluta þeirra. Sumir foreldrar eru tregir til og kvíða þátttöku í skólastarfinu. Þegar við boðum foreldra á fundi er fyrirkomulagið ekki nógu sveigjanlegt og mætir ekki þörfum hluta foreldra.
- Við notum fjölmargar aðferðir til samskipta við foreldra og nemendur en höfum ekki markvissar leiðir til að ná fram skoðunum þeirra og hugmyndum til að auka gæði í skólastarfi. Við eigum í góðum samskiptum við þorra foreldra en höfum ekki náð að þróa leiðir til að allra foreldra (svo sem innflytjenda). Við veitum foreldrum ekki næga endurgjöf þegar tillögur þeirra hljóta ekki hljómgrunn og sumum þeirra finnst þeir ekki hafa næg tækifæri til þátttöku í ákvarðanatöku um skólastarfið. Foreldrar eru óruggir um hvernig þeir eiga að koma málefnum á framfæri við okkur og í hvaða farveg umkvartanir þeirra eiga að fara.
- Við greinum foreldrum og nemendum frá árangri og leiðum til þróunar skólastarfs en gildi upplýsinganna til foreldra er ábótavant t.d. vegna lélegrar kynningar, skorti á skýrri framsetningu eða vöntunar á upplýsingum um lykilþætti í skólastarfi.

5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda

<p>Dæmi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skipulag til að tryggja umhyggju, velferð og öryggi barna • Aðferðir og úrræði til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna • Náms- og starfsráðgjöf 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir varðar það hvernig skólinn mætir tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda og annast heilsu þeirra. Það er mikilvægt að slíkt skipulag sé virkt þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga. Gæðagreinirinn tengist aðferðum skólans til að tryggja að nemendur upplifi öryggi og umhyggju og hvernig stuðlað er að persónulegum og félagslegum þroska þeirra. Hann leggur áherslu á þörf nemenda fyrir ráðgjöf sem gerir þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um nám sitt innan skólans og hvert þeir stefna er skólagöngu lýkur.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stefna okkar um velferð og umhyggju fyrir nemendum er skýr, viðeigandi og henni er fylgt eftir. Allt skólasamfélagið tekur virkan þátt í að efla velferð einstaklinga. Við þekkjum hlutverk okkar og ábyrgð varðandi heilsu og öryggi. Við höfum fengið þjálfun og kunnum til verka á sviði barnaverndar. Við vinnum af nærgætni og á áhrifaríkan hátt með þarfir og málefni nemenda og tryggjum þeim skilvirkar leiðir til að koma kvörtunum sínum á framfæri. Heilsa og heilbrigði eru hluti af skólamenningu okkar. Skólinn okkar hefur skýrar aðferðir til að kanna bakgrunn fullorðinna sem vinna með börnum. • Við erum vakandi yfir tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og leggjum okkur fram um að efla persónu- og félagsþroska þeirra í öllu skólastarfi. Við gefum því sérstakan gaum þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga. Nemendur eru stöðugt hvattir til að leggja sig fram, sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum. Í skólanum okkar ríkir traust, virðing og trúnaður. Starfsfólk skóla, skólaskrifstofa og þeir aðilar sem tengjast skólastarfinu styðja við nemendur og fjölskyldur þeirra. Við vinnum af nærgætni með upplýsingar sem snerta einstaklinga. • Nemendur sýna frumkvæði varðandi framtíðaráætlanir sínar og hafa öðlast hæfni og þekkingu til að skipuleggja starfsferil sinn á árangursríkan hátt og þeir fá tækifæri til að kynna ýmsum starfsgreinum. Starfsráðgjöf byggir á viðeigandi samráði og ráðleggingum sem byggðar eru á nýjustu upplýsingum á hverjum tíma. 	
<p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á meðan við sýnum viðleitni í því að skapa öruggt og umhyggjusamt skólaumhverfi eru þrátt fyrir það veikleikar á því sviði. Stefna okkar vanrækir suma þætti, s.s. varðandi aðgát og velferð nemenda okkar eða er ekki í heiðri höfð hjá öllu starfsfólkinu okkar. Starfsfólkið hefur einhverja hugmynd um hvað barnavernd felur í sér en myndi þurfa á frekari fræðslu um barnaverndarmál að halda. Stefna okkar varðandi t.d. eineltismál, kynþáttafordóma, misnotkun vímuegja og örugga tölvunotkun er hvorki skýr né að fullu útfærð. Við gerum okkur grein fyrir heilsuvernd/málefnum tengdum heilsu og heilbrigði, en fylgjum þeim ekki nægjanlega eftir í starfi okkar. Á meðan við leggjum áherslu á einstaklingsþarfir og berum samvisskusamlega umhyggju fyrir nemendum þá vanrækjum við stundum rétt barna, trúnað við þau, virðingu við þau og friðhelgi einkalífs þeirra. Sumir nemendur eru óruggir um hvernig þeir eiga að koma á framfæri skoðunum sínum og umkvörtunum. Skólinn okkar hefur ekki skýrar aðferðir til að kanna bakgrunn fullorðinna sem vinna með börnum. • Aðferðirnar sem við beitum til að þróa persónulega og félagslega hæfileika nemenda eru ekki vel samhæfðar. Nemendum gefst ekki öllum tækifæri til að sýna öðrum umhyggjusemi og þroska með sér borgaravitund. Þegar nemendur flytast á milli skólastiga er stundum ekki hugað nægjanlega vel að aðlögun þeirra félags- og tilfinningalega. Við sköpum ekki næg tækifæri fyrir nemendur til að þroska með sér persónulega ábyrgð eða til frekari afreka. Aðferðir okkar til að skapa skólabrag sem einkennist af gagnkvæmu trausti, virðingu og ábyrgðarkennd eru ekki árangursríkar. Það eru dæmi um að okkur skorti skynbragð á bakgrunnsupplýsingar um nemendur og að viðbrögð okkar við tilfinningaþörfum nemenda eru í samræmi við það. • Nemendum eru ekki alltaf gefnar nákvæmar, viðeigandi og uppfærðar upplýsingar og ráð þegar undirbúa á þá til að velja menntun, þjálfun eða vinnu. Aðferðir okkar við að leiðbeina nemendum þegar þeir þurfa að taka ákvarðanir í námi eru af skornum skammti eða ekki vel tímasettar. Tækifæri til starfskynninga, starfsráðgjöf og allt nám er varðar framtíðarstörf þeirra eru af skornum skammti eða gæðalítið. 	

5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none"> Hollusta við sjálfsmat Stjórnun sjálfsmats Umbætur í skólastarfi 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir varðar það hvernig skólinn vinnur að þróun starfsins með sjálfsmati. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að leita eftir og bregðast við sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem tengjast skólasamfélaginu. Hann beinir sjónum að því að hvaða marki starfsfólk skóla þekkir styrkleika og veikleika skólastarfsins. Einnig hvernig skólinn bætir árangur og eykur velgengni nemenda og skólasamfélagsins í víðara samhengi.</p>
--	--

Dæmi um einkunnina 5

- Við metum og ígrundum kennsluhætti okkar bæði ein og með samstarfsfólki og breytum til batnaðar. Við metum starfshætti skólans með samstarfsaðilum með stöðugar umbætur að leiðarljósi og leggjum í breytingar þar sem þeirra er þörf. Við notum árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum starfsfólks, foreldra, nemenda, samstarfsaðila og annarra um gæði skólastarfs. Við höfum skipulega samvinnu við þá aðila sem þjónusta börn til að tryggja þróun starfsins. Sýn okkar, gildismat og markmið eru lögð til grundvallar við mat á skólastarfinu.
- Sjálfsmat okkar beinist að lykilatriðum í námi og námsárangri nemenda. Það er byggt á margvíslegum leiðbeiningum (um gæðastarf í skólum) og gögnum og er nákvæmt, kerfisbundið og gagnsætt. Allir ígrunda núverandi starfshætti og meta nýjungar og breytingar sem gerðar hafa verið. Þar sem við á eru viðeigandi gæðastaðlar nýttir við umbætur. Við greinum styrkleika okkar og sóknarfæri í skólastarfinu. Við deilum með öðrum því sem til fyrirmyndar er í starfi okkar.
- Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi. Við tökum virkan þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats skólans og getum á öbyggjandi hátt sýnt fram á umbætur sem sjálfsmat skólans hefur leitt til. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að áframhaldandi framförum í námi og kennslu og námsárangri allra nemenda.

Dæmi um einkunnina 2

- Það er misjafnt eftir einstaka kennurum hversu árangursríkt mat okkar er á kennsluháttum. Við lítum svo á að sjálfsmat sé aðallega á ábyrgð stjórnenda og stuðlum ekki nógu vel að þátttöku allra starfsmanna, nemenda, foreldra og samstarfsaðila í matinu. Sjálfsmatsaðferðir okkar þarfnast meiri faglegrar ábyrgðar og samstarfs sem beinist að því að bæta gæði vinnu okkar.
- Matshópur metur skólastarfið og hópa-/teymisvinnu en notaðar eru takmarkaðar aðferðir sem beina sjónum hvorki nægilega að árangri og velgengni nemenda né markvisst að áhrifum sjálfsmats. Við erum stundum óákveðin eða myndum okkur skoðanir á styrkleikum okkar og umbótaþörf á veikum grunni. Við getum ekki sýnt fram á hvaða áhrif umbætur/aðgerðir hafa á nemendur.
- Sjálfsmatið hefur lítil áhrif á aukin gæði í námi og kennslu og árangri allra nemenda. Vísbendingar/sönnunargögn okkar um þessa þætti innihalda oft ekki lykilupplýsingar og eru ekki notaðar sem skyldi til að meta framfarir og setja fram áætlanir um umbætur. Við metum framfarir ekki skipulega með hliðsjón af markmiðum sem sett hafa verið fram í þróunaráætlunum. Við notum niðurstöður sjálfsmats til að greina frá stöðu og gæðum skólastarfs en þær eru byggðar á ótraustum grunni.

6.1 Endurskoðun skólafestnu og þróunarvinna

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Umfang, skýrleiki og gagnsemi markmiða og stefnumótunar• Innra samræmi stefnumótunar• Stjórnun, mat og endurskoðun skólafestunnar	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Stefnumörkun snýst um aðgerðir. Þessi gæðagreinir tengist þörfinni á því að skólafestna sé hnitmiðuð og skýr og að hún endurspegli forgangsverkefni sveitarfélagsins og á landsvísu og sé skólanum leiðarvísir í starfi og viðleitni til umbóta í skólafestfunni. Hann leggur áherslu á það hlutverk alls skólasamfélagsins að sjá til þess að stefnumótun stuðli að samhengi í starfi allra hagsmunaaðila sem tengjast starfi skólans. Gæðagreinirinn beinir sjónum að því að hvaða marki stefnan endurspeglar sýn skólans, gildi hans og markmið. Hann bendir einnig á þörfina á að stefnu sé viðhaldið og hún sé í takt við tímann svo hún stýri starfi sem leiði til aukins árangurs fyrir nemendur.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa sameiginlegan skilning á og er umhugað um markmið og gildi skólans. Stefna okkar setur barnið í forgrunn. Hún vísar leiðina og tekur mið af forgangsverkefnum í héraði og á landsvísu og af gildandi lögum og reglugerðum. Stefna samræmist markmiðum og stefnu sveitarstjórnar og stefnumótunar á landsvísu. Stefna veitir skýra og hnitmiða leiðsögn sem leiðir til bættra vinnubragða við kennslu.• Skólafestna okkar miðar að því að mæta þörfum nemenda og draga úr hindrunum í námi. Samvinna við samstarfsaðila er vel skilgreind í stefnunni og sýnileg í starfi okkar.• Starfsfólk, nemendur, foreldrar og samfélagið eru virkir þátttakendur í mótun og endurskoðun skólafestunnar. Við endurskoðum stefnuna til að endurspeglar breytingar í vinnubrögðum okkar og í gildandi lögum og reglugerðum, sérstaklega þeim er snerta umhyggju, velferð og verndun barna^{xii}. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Tengsl markmiða okkar og stefnu eru nemendum, foreldrum og samfélaginu ekki alltaf augljós. Stefna okkar veitir ekki alltaf skýra og hnitmiða leiðsögn fyrir starfsfólk, nemendur, foreldra og hagsmunaaðila til að tryggja samkvæmni í vinnubrögðum og kennslu. Markmið okkar hafa ekki nægilega í brennidepli að veita góða menntun og að gera öllum nemendum kleift að ná hámarksárangri.• Skólafestna okkar er ekki nægilega skýr þegar fjallað er um um hlutverk og ábyrgð okkar við að mæta þörfum nemenda og draga úr hindrunum í námi. Framlag okkar til samstarfs við aðra aðila er ekki vel skilgreint sem leiðir til þess að rof myndast í námi sumra nemenda.• Við endurskoðum og lagfærum stefnu okkar ekki nógu reglulega. Margt í stefnu okkar hefur ekki verið uppfært til að endurspeglar breytingar á vinnubrögðum eða lögum eða breyttum áherslum í sveitarfélaginu eða á landsvísu. Við höfum lágmarkstengsl við hagsmunaaðila við endurskoðun skólafestnu með tilliti til þess að tryggja að stefnan leiðbeini um framkvæmd sem leiði til aukins árangurs nemenda.	

^{xii} Við mat á þessum gæðagreini ætti að taka mið af mati á gæðagreinum í lykilþáttum 1 til 4.

6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Virk þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð• Samskipti og samráð	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinin lýtur að þátttöku allra hagsmunaaðila (starfsfólks, nemenda, foreldra, samfélagsins og samstarfsstofnana) í mótun stefnu og almennt í störfum skólans. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar séu vel upplýstir um skólastarfið og þróun þess. Einnig mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila um aðgerðir til að bæta skólastarfið.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Til að tryggja bættan árangur nemenda nýtum við skoðanir og sérfræðipækkingu allra sem taka þátt í skólastarfinu til að hafa áhrif á þróun, mat og endurskoðun skólastefnu okkar og áætla. Starfsfólk, nemendur, foreldrar, samstarfsstofnanir og aðrir hagsmunaaðilar taka virkan þátt í starfsmannafundum, nemendaráði, skólaráði, vinnuhópum, rýnihópum og öðrum vettvangi hagsmunaaðila.• Við erum talsmenn samskipta, samráðs og þátttöku starfsmanna, nemenda, foreldra og samstarfsaðila og höfum skipulagt fyrirkomulag þess. Við eigum regluleg samskipti við þá ráðgjafahópa sem við á og erum með greinargóðar leiðbeiningar um samskipti við hagsmunaaðila og svörun til þeirra. Starfsmenn, nemendur, foreldrar og samstarfsaðilar eru óhræddir við að viðra hugmyndir, lýsa áhyggjum og leggja fram tillögur. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Við endurskoðum og lagfærum stefnu okkar ekki nógu reglulega. Margt í stefnu okkar hefur ekki verið uppfært til að endurspegla breytingar á vinnubrögðum, lögum eða breyttum áherslum í sveitarfélaginu eða á landsvísu. Við höfum lágmarkstengsl við hagsmunaaðila við endurskoðun skólastefnu með tilliti til þess að tryggja að stefnan leiðbeini um framkvæmd sem leiði til aukins árangurs nemenda.• Við gefum nemendum, foreldrum og starfsmönnum upplýsingar um starfið og framfarir en þær eru ekki alltaf greinargóðar, skiljanlegar eða þær nýjustu/uppfærðar. Við höfum ekki skilvirkar leiðir til að ráðfæra okkur og hafa samskipti við suma hópa hagsmunaaðila, svo sem nýbúa eða aðstandendur nemenda með fötlun.	

6.3 Þróunaráætlanir

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mótun, framkvæmd og mat á þróunaráætlun • Uppbygging og innihald þróunaráætlunar • Notkun upplýsinga • Samstarf við stofnanir og þjónustuaðila um þróunaráætlun • Áætlun um sjálfbærni 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir tengist skipulagi skólans við gerð þróunaráætlunar og áhrifa hennar^{xiii}. Hann beinir sjónum að því hvernig skólinn innleiðir áætlunir og metur áhrif þeirra á nemendur. Hann ítrekar þörfina á greinargóðri forgangsröðun sem byggir á upplýsingum úr sjálfsmati. Hann tengist samstarfi milli stofnana um áætlanagerð og framkvæmd til að tryggja framfarir sem bera skjótan árangur, sem og til lengri tíma lítið.</p> <p>^{xiii} Meta má áhrifin með gæðagreinum í lykilþáttum 1 til 4.</p>
---	--

Dæmi um einkunnina 5

- Við erum með skýrt og skiljanlegt ferli við gerð þróunaráætlunar. Hagsmunaaðilar koma að vinnunni á fyrstu stigum áætlanagerðarinnar. Starfsfólk tekur þátt í gerð þróunaráætlunar og framkvæmd hennar. Við metum af festu hvaða áhrif áætlunin hefur á bættan árangur nemenda.
- Þróunaráætlun okkar endurspeglar vel sameiginlega sýn skólans ásamt áherslum í skólastefnu sveitarfélagsins og á landsvísi. Hún er kynnt öllum hagsmunaaðilum sem að skólanum standa og uppfyllir kröfur þeirra. Áætlunin setur krefjandi en framkvæmanleg markmið og greinir vel frá hvernig úrræðum verður beitt til að stuðla að breytingum, hver ber ábyrgð, hvenær þær koma til framkvæmda, áhrif þeirra á nemendur, hver eru viðmið um árangur og hvernig á að meta hann.
- Við gerð þróunaráætlunar notum við markvisst upplýsingar úr sjálfsmati, faglega gagnrýni og reynslu af þróun í skólamállum. Við byggjum sértaklega á gögnum um gæði náms og kennslu og árangur og velferð nemenda.
- Það sést vel á samstarfi okkar við samstarfsskóla og -stofnanir að við höfum áhuga á að vinna með öðrum að því að því að efla árangur. Samstarfsaðilar okkar taka fullan þátt í áætlunum sem miða að því að tryggja öryggi, heilbrigði og umönnun nemenda. Einnig til að ganga úr skugga um að allir nemendur fái notið hæfileika sinna á fjölbreyttum sviðum og séu öruggir og ábyrgir einstaklingar sem taka virkan þátt og leggja sitt af mörkum til samfélags síns.
- Við höfum gaumgæft og gert ráð fyrir samfellu og sjálfbærni í þróunaráætluninni.

Dæmi um einkunnina 2

- Við erum með þróunaráætlun en hún beinir sjónum ekki nægilega að eflingu góðrar menntunar og því að hámarka árangur nemenda. Við erum með eitthvert mat á þróunarvinnu en þurfum að leggja meiri áherslu á beinan árangur fyrir nemendur. Ekki er samkvæmni við að hrinda í framkvæmd forgangsröðun í skólastarfi svo sem kennslu, stjórnun og samstarfi. Framkvæmd þróunaráætlunar hefur hvorki leitt til verulega bættis árangurs nemenda, né heldur eftir námsreynslu þeirra .
- Uppbygging og framsetning þróunaráætlunar er hvorki greinargóð né gagnleg sem vinnuþagg. Það eru of mörg eða fá þróunarmarkmið og þau beinast ekki alltaf að því sem skiptir höfuðmáli, að forgangsráða fyrir skólann okkar. Það skortir skýrar skilgreiningar á markmiðum verkefna, ábyrgð og tímasetningu í þróunaráætluninni. Við erum með óljós viðmið um árangur og hvernig við metum hvort árangri sé náð.
- Áætlanagerð okkar styðst ekki vel við þær upplýsingar sem fram koma í sjálfsmati, gæðamati eða greiningu gagna um framkvæmd og árangur. Við fylgjumst að einhverju marki með gæðum náms og kennslu og metum þau, en matið beinist ekki í aðalatriðum að námsreynslu nemenda og kennsluháttum sem ætti að vera forgangsráði.
- Við skipuleggjum og forgagnsröðum að einhverju marki í samstarfi við tengslaskóla, faghópa, samstarfsstofnanir og stuðningsþjónustu. Þetta samstarf er hins vegar ekki alltaf vel skilgreint í áætlunum og samstarfsaðilar eru ekki alltaf meðvitaðir um hlutverk sín við framkvæmd þróunaráætlunar.
- Þróunaráætlun okkar tryggir ekki langtímaáhrif þróunarverkefna.

7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Mannafli• Ráðningar, stöðuveitingar og móttaka starfsmanna• Umsjón velferð starfsmanna• Viðurkenning á árangri í starfi	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir tengist mannafla og mannráðningum, skilvirkni ráðstafana sem tryggja umsjón með starfsmönnum, velferð þeirra og starfsáhuga. Hann beinir sjónum að gagnsæi, jafnrétti og sanngirni við stöðuveitingar og að hvaða marki árangur í starfi er viðurkenndur og hann metinn að verðleikum í skólanum.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Við höfum á að skipa nægu faglærðu og hæfu starfsfólki og stuðning sérfræðipjónustu til að skapa námskrá og námsaðstæður sem hæfa öllum nemendum.• Skólinn okkar notar árangursríkt og gagnsætt ráðningakerfi. Stöðuveitingar taka mið af þeirri fagkunnáttu, hæfileikum og reynslu sem þarf í hverja stöðu. Við erum með virka móttökuáætlun fyrir allt nýtt starfsfólk, þar með talið starfsmenn í afleysingum og tímabundnum ráðningum. Við ræðum kerfisbundið um og fylgjumst með að jafnrétti og sanngirni ríki.• Við höfum skýrar aðferðir við að setja viðmið um þá framkomu, umsjón og umhyggju sem allt starfsfólk getur vænst og sem vænst er af starfsfólki. Starfsfólk veit hver ábyrgð þess og réttur er og þekkir viðeigandi faglegar starfsreglur.• Við styðjum starfsmenn við að gera sitt besta og veitum árangri athygli og metum að verðleikum. Starfsfólk í stjórnunarstöðum og forystuhlutverkum ræðir reglulega um árangur starfsmanna og heldur á lofti fyrirmyndarstarfsháttum. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Sérfræðipekking okkar í kennslu nær yfir mikinn hluta námskrárinnar, en það vantar aðeins á sumsstaðar, svo sem á sviði sérkennara eða sérgreinakennara. Við nýtum ekki vel eða að fullu sérfræðipekkingu starfsmanna samstarfsstofnana eða annarra til að styðja við þarfir einstaka nemenda.• Ráðningarferli okkar er yfirleitt gott, en gæti stundum verið skipulagðara og virkara. Móttaka nýs starfsfólks er viðunandi en ekki alltaf nógu sérhæfð til að styðja þarfir margvíslegra hópa starfsfólks á þeirra starfssviði. Skipulag okkar við að styðja starfsfólk í afleysingum tryggir ekki alltaf að það þekki starfsemi skólans og sé fært um að vinna vel með bekkjum sem þeim er falið. Við styðjum jafnrétti og sanngirni í ráðningum en gætum þess ekki alltaf að farið sé eftir því.• Stefna okkar við að setja viðmið um framkomu, umsjón og umhyggju starfsfólks er stundum óljós og ósamkvæm. Sumir starfsmenn eru óöruggir um ábyrgð sína og réttindi og viðeigandi faglegar starfsreglur og eru ekki vissir um hvers er vænst af þeim né hvers þeir geti vænst.• Starfsmönnum finnst stundum að starfsfólk í stjórnunarstöðu og forystuhlutverkum kunni ekki nægilega að meta framlag þeirra og að ekki sé til síðs að meta velgengni sérstaklega. Við höfum fáar formlegar eða opinberar leiðir til að meta að verðleikum árangur starfsmanna.	

7.2 Nýting mannafla og teymisvinna

Pemu <ul style="list-style-type: none">• Skynsamleg og gegnsæ skilgreining ábyrgðar• Nýting mannafla og samstarfsaðila• Skilvirkni teymisvinnu• Boðskipti	Yfirlit gæðagreinis <p>Þessi gæðagreinir er um árangursríka frammistöðu einstaklinga og teyma. Hann fjallar um að hvaða marki starfsmönnum er gert kleift að gera sitt besta og hvernig vinnu þeirra er beint að því að bæta námsárangur. Hann beinir sjónum að skipulagi sem stuðlar að eignarhaldi og skuldbindingu við þessa sameiginlegu viðleitni.</p>
---	--

Dæmi um einkunnina 5

- Starfsmenn skólans og þeir sem tengjast samstarfsstofnunum hafa greinargóða starfslýsingu og skilgreinda ábyrgð sem beinist að þörfum nemenda. Starfsmenn fá stuðning til að axla ábyrgð á krefjandi verkefnum. Teymin innan skólans eru vel skipulögð, vinnusöm og axla ábyrgð við að meta eigin vinnu.
- Skipulag á vinnu starfsfólks skilar árangri við að mæta þörfum nemenda og bæta námsskilyrði. Starfsmenn á borð við sérkennara og stuðningsfulltrúa vinna í kennslustofum og stuðla á virkan hátt að framförum nemenda. Atvinnurekendur og starfsmenn samstarfsstofnana styðja vinnu kennara og millistjórnenda og gera þeim kleift að beina starfskröftum sínum að kennslu og námi.
- Vinnubrögð okkar einkennast af samvinnu og sameiginlegum ákvörðunum. Starfsandi, sem einkennist af samstarfi og faglegum metnaði, er ríkjandi í skólanum. Við eigum árangursríkt samstarf við stuðningsfulltrúa og sérfræðinga sem í skólann koma. Samstarf þeirra sem vinna sameiginlega með einstökum nemendum er skýrt og vel skipulagt. Samvinna er góð milli bekkjarkennara og stuðningsfulltrúa, sérfræðinga, heilsugæslu og félagsþjónustu. Samvinnan hefur það að markmiði að mæta þörfum nemenda.
- Boðleiðir eru skýrar sem og ábyrgðarskylda starfsmanna. Við berum öll ábyrgð á samskiptum, samráði og miðlun upplýsinga til starfsfélaga. Góð tækifæri eru til að láta í ljós áhyggjur eða koma með uppbyggilegar tillögur. Leiðtogar og stjórnendur bregðast við, eru sýnilegir og aðgengilegir.

Dæmi um einkunnina 2

- Ekki eru allir starfsmenn með vel skilgreinda ábyrgð um samstarf almennt. Ábyrgð starfsmanna beinist ekki alltaf nógu vel að þörfum nemenda. Gæði vinnunnar sem starfsmenn leggja af mörkum í samvinnu og til skólastarfsins almennt eru misjöfn.
- Starfskraftar okkar gætu nýst betur með bættri starfsmannastjórn og dreifingu verkefna. Ábyrgð og verkefni starfsmanna eru ekki alltaf í samræmi við forgangsriðun og markmið í þróunaráætlun skólans. Kennurum eru ekki alltaf ljós hlutverk sérkennara, stuðningsfulltrúa, gestakennara og starfsfólks samstarfsstofnana eða þjónustuaðila. Stjórnendur og kennarar eru stundum að fást við reglubundin störf sem aðrir ættu að sjá um.
- Þarfir nemenda okkar og ráðstöfun sérkennslu og stuðnings fara ekki alltaf saman. Þeir sem sameiginlega sinna einstökum nemendum eða nemendahópum eru ekki alltaf fyllilega upplýstir um hver annars störf.
- Samskiptaleyfi eða slök samskipti og takmörkuð samráð samstarfshópa eða teyma draga úr árangri samstarfsins. Starfsmenn eru oft óryggir um hvernig þeir eiga að koma skoðunum sínum og áhyggjum á framfæri eða koma með uppbyggilegar tillögur um hvað betur mætti fara. Auðvelt er að ná til og ná eyrum sumra í stjórnarstöðu en ónógt eða slakt samráð í mikilvægum málefnum hefur stundum áhrif á vinnu með nemendum.

7.3 Starfspróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl

<p>Pemu</p> <ul style="list-style-type: none"> Starfsmat, viðtöl og stuðningur í starfi Þjálfun og starfspróun Samstarf við samstarfsaðila um endurmenntun starfsmanna 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir vísar til þess hvernig haldið er á starfsmati og þróun í skólastarfinu. Hann beinir sjónum að skipulagi starfsmats/starfsmannaviðtölum og hvernig þeim er fylgt eftir með fjölbreyttum og gagnlegum tækifærum til starfspróunar. Hann tengist sameiginlegum tækifærum starfsmanna til að efla starfsþroska og ná árangri í samstarfi á faglegum grunni^{xiv}.</p>
---	---

Dæmi um einkunnina 5

- Aðferðir okkar við starfsmat/starfsmannaviðtöl eru til fyrirmyndar. Með þeim greinum við sterkar og veikar hliðar allra starfsmanna og komum til móts við endurmenntunarþarfir þeirra. Við notum skýr og vel skipulögð vinnubrögð til að efla stöðugt starfsþroska allra sem starfa við skólann. Upplýsingar úr starfsmati og öðru sem við á eru nýttar við starfspróun starfsmanna og til að styðja við áframhaldandi framfarir nemenda.
- Við berum ábyrgð á að setja markmið í endurmenntunar-/starfspróunaráætlun skólans og stuðla að framgangi þeirra. Starfspróun er vel skipulögð, mætir þörfum einstaklinga og skólans og er byggð á sérfræðipekkingu í héraði og á landsvísu. Starfsmenn vita hver eru markmið og forgangverkefni endurmenntunar-/starfspróunaráætlunar og hvernig þau tengjast sjálfsmati og þróunaráætlun skólans. Starfspróun/endurmenntun starfsmanna felur í sér viðeigandi þjálfun, starfsnám, félagastuðning og handleiðslu. Við fylgjum eftir og metum áhrif hennar á kennslu og notum niðurstöður til frekari áætlanagerðar.
- Við störfum saman að og tökum sameiginlega ábyrgð á starfspróun og endurmenntun. Starfsmenn vinna sameiginlega að því að efla skilning og deila reynslu með því að taka þátt í sameiginlegum forgangsverkefnum sem miða að starfspróun með þátttöku samstarfsstofnana. Samstarfið leiðir til árangursríkara skipulags á stuðningi við nemendur.

Dæmi um einkunnina 2

- Starfsmannaviðtöl/starfsmat er til staðar en ekki nógu kerfisbundið eða árangursríkt við að greina endurmenntunarþarfir einstaklinga. Sumir starfsmenn vita ekki alveg hvernig best er að nýta viðtalsferlið og líta ekki á það sem stuðning í starfi. Niðurstöður starfsmannaviðtala eru ekki notaðar markvisst til að styðja áframhaldandi endurbætur á kennslu.
- Sumir starfsmenn eru ekki virkir við að efla eigin starfspróun. Við mætum ekki alltaf einstaklingsþörfum í endurmenntun eða því sem við höfum sett í forgang í þróunaráætlun skólans. Einnig eru þarfir sumra hópa starfsmanna vanræktar. Endurmenntunaráætlun okkar er takmörkuð og nýtir ekki alltaf á hagkvæmasta hátt þá sérfræðipekkingu sem í boði er. Áhrifum af ráðstöfunum fyrir nemendur er sjaldan fylgt eftir eða þær metnar.
- Einhver sameiginleg endurmenntun og þjálfun fer fram milli stofnana, en margir samstarfsaðilar hafa takmarkaðan skilning á framlagi hver annars. Þrátt fyrir að fundir fari fram milli stjórnenda og samstarfsstofnana, eru þeir hvorki reglulegir né einkennir þá sameiginleg áhersla. Við ræðum sjaldan sameiginlega þjálfun þeirra sem koma að málefnum barna og teljum hana ekki mikilvæga. Sameiginleg endurmenntun beinir ekki sjónum nægilega að því hvernig hægt er að styðja nám allra nemenda.

^{xiv} Við mat á þessum gæðagreini ætti að tengja niðurstöður við mat á gæðagreini 3.1.

8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn

Þemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none">Tilgangur og markmið eru ljósÞverfagleg samvinna og samstarf stofnanaHlutverk starfsmanna í samstarfi	Þessi gæðagreinir fjallar um skilvirkni og áhrif samskipta skólans við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og aðrar stofnanir sem tengjast stuðningi við nemendur og ákvörðunum um hann. Hann beinir sjónum að því hvernig skólinn nýtir ráðgjöf, samráð og samstarf við aðra á styðjandi og áhrifaríkan hátt. Aðal íhugunarefnið er hversu árangursrík vinna skólans er í þverfaglegu samstarfi og hversu mikilvæg samvinna er talin vera við undirbúning, framkvæmd og mat á sameiginlegum verkefnum.

Dæmi um einkunnina 5

- Við höfum árangursríkt samstarf sem gerir gæfumuninn varðandi gæði þess stuðnings sem nemendur fá. Það er ljóst á hverju við berum höfuðábyrgð og hvar við þurfum stuðning samstarfsaðila til að tryggja hagsmuni einstakra barna og ungmenna. Við höfum greinargott skipulag með viðeigandi markmiðum og árangursríkum verkferlum til að meta áhrif samstarfsins á einstaklinga og hópa. Starfsmönnum finnst markmið samstarfsins mikilvægt og þeir taka virkan þátt í því.
- Tengsl okkar við aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðistofnanir og atvinnurekendur hafa eflt námið, bætt árangur nemenda og gert aðstoð við nemendur og fjölskyldur þeirra markvissari. Starfsmenn vinna vel saman og með öðrum til að tryggja að þeir sem minnst mega sín fái góðan stuðning og þeirra þörfum á sviði náms og velferðar sé vel mætt við flutning milli skólastiga, skóla eða deilda. Við veitum virkan stuðning með því að starfa, þegar við á, með ýmsum stofnunum, atvinnulífi, heilbrigðisþjónustu, sérfræðiþjónustu skóla, félagsþjónustu og félagasamtökum. Starfsfólk vinnur með þessum samstarfsaðilum til að greina þarfir og auðga reynslu allra nemenda eða við að beina stuðningi að hópum og einstaklingum. Starfsmenn taka virkan þátt í verkefnum sem stýrt er af öðrum stofnunum.
- Við gerum okkur vel grein fyrir hlutverkum okkar og ábyrgð og höfum góð tækifæri til að ræða við aðra og taka þátt í þjálfun með samstarfsaðilum. Samskipti okkar, mat, áætlanir, ígrundun, skráning og skýrslugerð eru skýr og gefa góða raun. Við veitum nemendum samþætta þjónustu í samstarfi við samstarfsaðila skólans, þar á meðal sveitarfélagið.

Dæmi um einkunnina 2

- Samstarf um velferð barna og ungmenna er að hluta til gott en samstarf gæti verið meira við suma samstarfsaðila. Okkur skortir greinargóð markmið í samstarfi og leiðir til að meta árangur þess. Margir starfsmenn vinna saman af heilum hug en okkur skortir samkvæmni og samfellu í skólastarfinu í heild.
- Tengsl okkar við aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðistofnanir og atvinnurekendur leiða ekki alltaf til bættis náms eða styðja þróun skólastarfs. Leiðir okkar í samstarfi virka vel sem stuðningur við sum börn og ungmenni en mæta ekki þörfum allra.
- Við störfum með lögboðnum aðilum en gerum okkur ekki alltaf grein fyrir hlutverki og skyldum í samstarfinu. Veikleiki er í skipulagi okkar á samskiptum, mati, skipulagningu, endurskoðun, skráningu og skýrslugerð. Stundum er samstarf á þann veg að fjölbreyttir hæfileikar starfsmanna nýtast vel, en það kemur einnig fyrir að ekki sé unnið eftir sameiginlegum markmiðum og leiðum.

8.2 Fjármálastjórn

<p>Dæmi</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjárveiting og fjárhagsáætlun• Fjármálastjórnun• Fjárhagsáætlun og tengsl við skólanefnd og sveitarstjórn• Hagkvæm nýting fjármagns til að styðja við eflingu skólstarfs	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreininir varðar áhrif fjárveitinga til skólans og fjármálastjórn. Hann beinir sjónum að gagnsæi, réttlæti og góðri nýtingu fjárveitinga til skólans og því hvernig nýting fjármuna leiðir til aukins árangurs nemenda.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Rekstrarfé skólans nægir til að standa undir starfsemi hans og er nýtt eins vel og kostur er. Við ráðfærum okkur við starfsmenn, nemendur og foreldra um óskir um fjárveitingar og tengjum þær þörfum skólans, markmiðum sveitarfélagsins og aðalnámskrár.• Við notum greinargóðar aðferðir við fjármálaeftirlit. Útgjaldastýring er opinber og í samræmi við viðeigandi ráðgjöf.• Bókhaldskerfi gefa stöðugt upplýsingar um alla þætti sem varða fjármálastjórn, fjárhagsstöðu og ráðstöfun fjármagns.• Forgangsröðun í nýtingu fjármagns er greinilega tengd þróunaráætlun skólans. Fjármagn er nýtt til að auka gæði náms og til að styðja við sérstök þróunarverkefni. Fjárhagsleg afkoma skólans ber með sér að fjárveiting skólans hefur verið vel nýtt til að styðja við þróun sem síðan hefur leitt til jákvæðs árangurs fyrir nemendur^{xv}. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Rekstrarfé er nýtt til að styðja við starfsemi skólans en ekki er alveg nóg samráð haft við suma starfsmenn varðandi nýtingu fjármuna. Rekstrarfé er ekki alltaf tengt markmiðum þróunaráætlunar. Fjárhagsáætlun er ekki alltaf nægilega vel tengd markmiðum sveitarfélagsins og aðalnámskrár.• Aðferðir við eftirlit með fjármunum eru ekki nægilega greinargóðar og uppfærðar. Útgjaldastýringu skortir gagnsæi og sanngirni.• Upplýsingar frá stjórnendum koma stundum of seint eða eru ófullkomnar.• Sumar fjárveitingar tengjast skammtímamarkmiðum og hafa aðeins almenna vísun til eflingar menntunar. Úthlutanir eru ekki alltaf tengdar forgangsröðun þróunaráætlunar. Ákvarðanir í fjármálum taka ekki nógu gott mið af hagræðingu, skilvirkni og góðri nýtingu fjármagns. Einnig styðja þær ekki alltaf forgangsröðun þróunaráætlunar né efla gæði náms nemenda.	

^{xv} Vísio til gæðagreinis 1.2.

8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Þemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none">• Húsnæði og sýnileiki og framsetning verka nemenda• Aðgengi að búnaði• Skipulag og notkun búnaðar og umhverfis• Ráðstafanir til að tryggja heilbrigði og öryggi	Þessi gæðagreinir tengist því hvernig húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða er nýtt til að skapa námsumhverfi sem virkar hvetjandi á nemendur. Einnig beinir hann sjónum að ráðstöfunum sem tryggja heilbrigði og öryggi allra í skólanum.

Dæmi um einkunnina 5

- Húsnæði okkar, þar með talið gangar, sem og útisvæði eru örugg og hvetjandi til náms, leikja og félagsstarfa. Kennslustofur er nægilega rúmar og sama á við um aðstöðu starfsfólks, geymslur, sýningarrými og aðstöðu fyrir félagsstarf nemenda. Við uppfyllum opinberar kröfur um aðgengi fatlaðra. Nemendavinna er til sýnis á þann hátt sem styður við og skapar örvandi umhverfi til náms og kennslu. Það er jafnvægi milli nemendavinnu, fyrirmæla og auglýsinga á veggjum skólans.
- Allur búnaður skólans, þar með talinn tölvubúnaður, er fullnægjandi og vel við haldið. Aðbúnaður okkar eflir góða kennslu og stuðlar að árangursríku námi.
- Gott skipulag er á búnaði, aðgengi auðvelt og umgengni og notkun hans góð. Nám og kennsla er eflid með skipulegri notkun upplýsingatækni, nánasta umhverfis og tengslum við líf og starf í samfélaginu utan skólans. Nemendur eru hvattir til að nota gögn og búnað á eigin spýtur og á ábyrgan hátt. Fylgst er með notkun búnaðar, hún metin og henni stýrt til að tryggja að þörfum allra nemenda sé mætt.
- Byggingar skólans eru öruggar og heilbrigðis- og öryggisreglur í heiðri hafðar. Fljótt er brugðist við ef úrbóta er þörf til að tryggja öryggi nemenda.

Dæmi um einkunnina 2

- Húsnæði og umhverfi skólans er almennt öruggt en þyrfti að bæta það með tilliti til náms og kennslu, leiks og félagsstarfa. Þrengsli eða slæm hljóðvist á sumum svæðum hafa slæm áhrif á nám og kennslu. Húsnæðið þafnast viðhalds eða fegrunar og ekki er allsstaðar gott aðgengi fyrir alla. Sjaldan er skipt um sýningar á verkum nemenda eða áhugaverðum hlutum og það sem er til sýnis leggur lítið af mörkum til náms og kennslu. Auglýsingar og tilkynningar eru oft meirhluti sýnilegra verka.
- Flest tæki okkar eru nothæf en mörg þarfnast endurnýjunar eða viðgerðar. Tölvubúnaður og annar búnaður til að efla námsáhuga er takmarkaður. Þetta hamlar hluta þeirrar vinnu sem unnin er í skólanum.
- Búnaður er yfirleitt vel skipulagður. Notkun hans styður í grundvallaratriðum við kennslu en búnaðurinn er stundum ekki nýttur sem skyldi og veitir ekki viðbótarreynslu í námi. Sumir kennarar efla nám með hugmyndaríkri notkun gagna en umhverfi skólans og heimabyggð eru lítið notuð. Nemendur nýta sér sjaldan tæki og búnað á eigin vegum.
- Öryggisatriðum húsnæðis er ekki fylgt eftir af ýrtruðu nákvæmni. Komið hafa fram ágallar við einhver heilbrigðis- eða öryggisatriði sem ekki hefur verið brugðist við.

8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Söfnun, varðveisla og aðgengi gagna • Miðlun upplýsinga • Greining, mat og notkun upplýsinga 	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir tengist gagnavörslu og varðveislu upplýsinga. Hann beinir sjónum að aðferðum skólans við að afla upplýsinga og greina þær og á hvern hátt þeim er miðlað til að auðvelda starfsmönnum að bæta árangur nemenda. Gæðagreinirinn dregur fram að hvaða marki upplýsingar eru notaðar til að fylgjast með árangri nemenda.</p>
---	--

Dæmi um einkunnina 5

- Við notum árangursríkar aðferðir til að safna upplýsingum og varðveita þær með það að markmiði að efla nám og auka árangur. Upplýsingakerfi okkar veitir gagnlegar upplýsingar til að fylgjast með árangri nemenda, leggja grunn að áætlunum og setja markmið. Við höfum nægilegar ytri upplýsingar til að geta borið árangur okkar saman við árangur annarra. Við skipuleggjum gagnasöfnun til að geta brugðist við þörfum nemenda og veitum viðeigandi aðgang að upplýsingum. Aðferðir okkar við að geyma, skrá og veita upplýsingar uppfylla lagaskyldur.
- Við þekkjum reglur um miðlun upplýsinga og fylgjum þeim. Við veitum starfsfólki viðeigandi upplýsingar, svo sem um fjárhagsáætlun, mönnun, árangur, skólasókn og brottvísanir, með það að markmiði að efla árangur nemenda. Gagnavarsla okkar gerir þeim sem hlut eiga að máli kleift að nálgast þær upplýsingar sem þeir þurfa og eiga rétt á að fá, til að tryggja velferð nemenda og námsárangur. Nemendum og fjölskyldum þeirra er kunnugt um hvaða upplýsingum er safnað og hverjir gætu fengið aðgang að þeim.
- Við söfnum fjölbreyttum upplýsingum um skólastarfið. Við nýtum þær samhliða faglegu mati til að stuðla að og fylgjast með framförum nemenda, og gera þær sýnilegar, berum árangur okkar saman við annarra og greinum í hvaða átt starfið þróast. Þetta hjálpar okkur að koma auga á góðan og slakan árangur í starfi skólans til að geta veitt stuðning og boðið krefjandi nám. Við nýtum upplýsingar til að hjálpa okkur að bregðast fljótt við þar sem þörf er.

Dæmi um einkunnina 2

- Við söfnum ýmsum upplýsingum og varðveitum þær en þó vantar þar ýmis mikilvæg gögn sem þörf er á til að bæta nám og auka árangur. Kerfi okkar veitir starfsfólki að einhverju marki gagnlegar upplýsingar er nýtast við skipulag umbóta. Við nýtum sumar ytri upplýsingar til samanburðar á árangri. Skipulag gagna nýtist sumum en veitir ekki alltaf viðeigandi aðgang. Aðferðir okkar við skjalastjórnun samræmast lögum.
- Reglur um miðlun upplýsinga eru ekki fullmótaðar og við höfum ekki komist að samkomulagi um hvaða lykilupplýsingar við þurfum við gerð þróunaráætlana. Starfsfólk hefur litla eða enga þjálfun í að greina eða nota gögn við gerð þróunaráætlana. Við miðlum upplýsingum ekki nægilega meðal starfsmanna til að gefa yfirsýn um starfsemi skólans og gera okkur kleift að bæta árangur nemenda.
- Við berum saman og greinum fjölda gagna en notum upplýsingarnar ekki markvisst til að stýra og sýna fram á framfarir, mæla stöðu og greina hvert stefnir. Við erum með kerfi til að fylgjast með árangri nemenda en náum ekki alveg utan um suma nemendur, svo sem fósturbörn. Við nýtum ekki alltaf upplýsingar til að bregðast fljótt við þar sem þess er þörf.

9.1 Sýn, gildi og markmið

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Samhljómur með sameiginlegri sýn, gildum og markmiðum samfélagsins• Miðlun og viðhald sýnar• Efling jákvæðra viðhorfa til félags- og menningarlegs margbreytileika	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir beinir sjónum að því hvernig skólinn vinnur með öðrum að því að skapa sameiginlega sýn um tilgang og stefnu sem er metnaðarfull og ögrandi. Gæðagreinirinn snýst um að hvaða marki sýn, gildi og markmið stýra áætlunum um þróunarstarf sem stuðlar að gæðum náms og kennslu og árangri nemenda og fjölskyldna þeirra.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Við vinnum með nemendum, foreldrum og öðrum samstarfsaðilum að því að þróa og skapa sameiginlega sýn fyrir skólann og samfélagið með ígrundun, rökræðum og stöðugu samráði. Sýn okkar er grundvölluð á árangri nemenda og er í samræmi við áherslur sveitarfélagsins og ríkisins. Starfið í skólanum er mótað af skýrri sýn okkar, gildum og markmiðum.• Við höfum sýn skólans, gildi og markmið stöðugt í huga við athafnir okkar og viðburði í skólanum. Þess vegna höfum við sterka sameiginlega vitund um tilgang skólastarfsins. Við tökum fullt tillit til sýnar, gilda og markmiða skólans þegar við metum vinnu okkar, komum á umbótum og mótum framtíðarstefnu.• Í sýn okkar, gildum og markmiðum ætlumst við til að margbreytileiki sé virtur. Við aðhyllumst jafnrétti, jöfnuð og skóla fyrir alla og fögnum margbreytileika. Þess sjást merki í þróunaráætlunum okkar. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Sýn skólans, gildi og markmið samræmast áherslum sveitarfélagsins og ríkisins. Samfélagið og samstarfsstofnanir hafa lítið komið að því að móta sýn, gildi og markmið skólans. Markmið okkar hafa þess vegna takmarkaða þýðingu fyrir ýmsa aðila skólasamfélagsins eða tengjast illa meginstarfsemi skólans.• Ekki er sterk samkennd um gildi, sýn eða sameiginlegan tilgang skólastarfsins. Gildi liggja almennt ekki til grundvallar eða eru styrkt með daglegum samskiptum, athöfnum og viðburðum. Við mat á verkum okkar tökum við ekki nægilega mið af gildum okkar, sýn og markmiðum.• Þótt sýn okkar, gildi og markmið endurspeglí væntingar og jákvæð viðhorf til margbreytileika og skóla fyrir alla er það ekki fastmótað í verkum okkar í skólanum.	

9.2 Forysta og framtíðaráform

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Kerfisbundin áætlanagerð og miðlun upplýsinga• Markviss nýting bjarga	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinin varðar forystu við að sjá fyrir og skipuleggja framtíðarþróun á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans. Hann beinir sjónum að forystuhæfni, þekkingu, faglegri og persónulegri skuldbindingu og mótun verkferla sem vísa veginn.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Stöðugar framfarir og árangur nemenda eru kjarninn í framtíðaráformum okkar. Við tryggjum að námið sé í brennidepli í þróunaráætlunum skólans og forgangsverkefni beinist að kennsluháttum. Markmið skólans eru rædd á þann hátt að öllu starfsfólki og nemendum séu þau vel ljós og geri sér grein fyrir þætti sínum í að þeim verði náð og hvaða áhrif markmiðin hafa á starfið í kennslustofunni.• Rökstuddar og gagnsæjar ákvarðanir eru teknar um hverju skuli varið til að ná viðurkenndum markmiðum og sem bestum árangri. Stjórnendur og starfsmenn með forystuhlutverk sýna í verki mikilvægi námsins með því að heimsækja kennslustofur, leiðbeina um góð vinnubrögð, veita endurgjöf, lýsa eigin skilningi og hvetja til fjölbreytts sjálfsmats. Við stuðlum að menningu þar sem starfsfólk er öruggt og getur tekið að sér leiðtogahlutverk innan og utan kennslustofunnar. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Almenn stefnumótun skólastarfs er til en hún hefur ekki verið rædd og kynnt nemendum, foreldrum eða samstarfaðilum nægilega. Skólaþróun, samstarf og árangur eru lykilatriði í áætlunum okkar en við veitum ekki alltaf góða leiðsögn um það hvernig eigi að ná þeim, eða tengsl þeirra við starfið í kennslustofunni/kennsluhætti. Framtíðarstefna okkar er metnaðarfull en byggir ekki alltaf á greiningu viðeigandi gagna.• Við höfum nám í heiðri í þróunaráætlunum okkar en getum ekki alltaf um hvaða úrræði þarf til að styðja það. Starfsmenn með forystuhlutverk eru ekki nægilega virkir í athöfnum sem hafa bein áhrif á nám og kennslu.	

9.3 Efling starfsmanna og samvinnu

Þemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none">Efling forystuhæfniMyndun og viðhald tengslaSamstarf og teymisvinna	<p>Þessi gæðagreinir tengist því hversu vel tekst til með að efla forystuhæfni á öllum stigum og að tryggja jákvæð samskipti og samvinnu við hagsmunaaðila og samstarfsstofnanir. Hann tengist staðblæ og menningu skólans sem mótast af samskiptum innan hans og við samstarfsaðila og stofnanir.</p> <p>Hæfni þeirra sem gegna forystuhlutverkum skiptir máli sem og dreifing þeirra innan skólans, ábyrgð þeirra og samstarf sem starfsemi skólans krefst.</p> <p>Dreifing verkefna og valdefling starfsfólks og samstarfsaðila, ásamt stuðningi við skilvirkt samstarf, eru mikilvægir þættir.</p>

Dæmi um einkunnina 5

- Við beinum sjónum að námi og kennslu sem lykilþáttum í þróun skólastarfs. Við lögum forystuhætti að samhengi og aðstæðum í skólanum og ræktum tengsl af alúð. Við hlúum að fjölbreyttum hæfileikum og hvetjum og styðjum aðra. Við leggjum áherslu á samræður og samráð sem stuðla að sameiginlegri ábyrgð. Ef þess er óskað, grípum við tafarlaust til aðgerða. Stjórnendur styrkja starfsmenningu þar sem starfsfólk og nemendur geta haft frumkvæði og sinnt leiðtogahlutverki innan og utan kennslustofunnar. Við nýtum skoðanir nemenda vel sem og sameiginlega þekkingu, reynslu, og áhuga starfsfólks. Við höfum haft áhrif sem einstaklingar, jafnt innan hópa og í skólanum í heild.
- Við höfum skapað starfsumhverfi sem styður einstaklinga við að deila með sér ábyrgð svo velgengi og árangur nemenda sé tryggður. Samstarf byggir á trausti og einlægri umhyggju fyrir starfsfólki og samstarfsaðilum. Við hjálpum fólki að takast á við krefjandi viðfangsefni, deilum upplýsingum og tókumst á við erfiðleika. Við eflum anda samábyrgðar og gagnkvæms stuðnings um allt skólasamfélagið. Við mótum, endurskoðum og þróum stjórnunarhætti okkar, kennsluhætti og stuðning til að byggja upp jákvæð tengsl. Við hvetjum starfsfólk til afreka og tókum eftir og gleðjumst yfir árangri þess.
- Til að tryggja stöðuga þróun vinnum við saman og myndum samstarfsteymi. Það ríkir samstarfsandi í skólanum og við tókum virkan þátt í samstarfi við þá sem við eigum samskipti við. Við metum samstarfið reglulega með hliðsjón af markmiðum skólans.

Dæmi um einkunnina 2

- Fram kemur skortur á hæfileikum til forystu hjá sumum starfsmönnum. Forystuathafnir uppfylla ekki þarfir skólans til umbóta. Við styðjum sumar tillögur sem aðrir leggja til en hvetjum ekki starfsmenn til að koma með umbótatillögur. Forysta beinir ekki nægilega sjónum að námi og kennslu og þrátt fyrir að hér ríki jákvæður skólabragur einkennist hann ekki af ögrandi verkefnum eða framförum.
- Hér ríkir almennt styðjandi starfsumhverfi þar sem flestir finna til sameiginlegrar ábyrgðar við að bæta gæði náms og kennslu. Tengsl starfsmanna og vinnuandi eru misgóð innan skólans. Samstarf byggir ekki alltaf á trausti. Lítil áhersla er lögð á að skapa, endurskoða og bæta stjórnunarhætti, kennsluhætti og að styðja við góð tengsl. Við fögnum ekki árangri starfsmanna eða samstarfsaðila reglulega.
- Við höfum skipulagt árangursríkt samstarf við suma samstarfsaðila og dæmi eru um nokkur góð samstarfsverkefni, en heildarmyndin er ósamstæð. Við höfum ekki skipulagðan eða sýnilegan áhuga á samstarfi og ekki eru allir hlynntir eða taka virkan þátt í því. Á heildina litið er samstarf ekki vel skipulagt og við metum það ekki reglulega með hliðsjón af samþykktum markmiðum.

9.4 Forysta um framfarir og breytingar

Pemu <ul style="list-style-type: none">• Stuðningur og áskoranir• Sköpun, nýbreytni og breytingar• Stöðugar framfarir	Yfirlit gæðagreinis <p>Þessi gæðagreinir fjallar um hversu vel forystu skólans gengur að viðhalda gæðum starfsins og hvetja til sífelldrar þróunar og framúrskarandi námsaðstæðna fyrir alla nemendur^{xvi}. Mikilvægur þáttur í forystu innan skólans er að þeir sem gegna forystuhlutverkum ætli starfsmönnum að auka gæði þess sem skólinn hefur að bjóða nemendum með því að setja krefjandi en raunhæf markmið og veita góðan stuðning við að ná þeim. Greinirinn tengist einnig getu stjórnenda á öllum stigum til að stuðla að nýbreytnistarfi sem leiðir til breytinga og jákvæðrar reynslu nemenda.</p>
--	---

Dæmi um einkunnina 5

- Við teljum mikilvægt að taka þátt í gerð og framkvæmd þróunaráætlana. Við gerum okkur grein fyrir þörf á ögrandi verkefnum og stuðningi, setjum krefjandi markmið og stjórnun breytingum vel. Við notum árangursríkar aðferðir við sjálfsmat sem miðar að því að bæta nám. Umbætur taka mið af getu okkar til umbóta og starfsmenn hafa tíma til að ígrunda og ná tökum á breytingum.
- Við höfum sameiginlega sýn á hvað er mikilvægt fyrir skólann, samfélagið og nemendur og umbætur okkar eru í samræmi við þá sýn. Við höfum stjórn á hraða samþykkrar breytinga og við virkjum tilfinningar ekki síður en rökhugsun þeirra sem taka þátt í breytingum. Við tökum af festu á hugsanlegum flokkadráttum starfsfólks. Við notum niðurstöður sjálfsmats jafnt og þétt til að styrkja það sem vel er gert, fögnum umbótaviðleitni sem ætlað er að auka gæði náms og kennslu og árangur nemenda. Forysta og stjórnun í skólanum er árangursrík og kröftunum er beint að viðráðanlegum fjölda forgangsverkefna hverju sinni og þau ert vel kynnt.
- Forystumenn á öllum stigum hafa miklu hlutverki að gegna við að leiða umbætur og nýbreytni, nám og kennslu, með áhrif og árangur í brennidepli. Allir hafa vel skilgreind hlutverk og ábyrgð í umbótaverkefnum. Skólinn leitar stöðugt leiða til að styðja umbætur með því að styrkja hæfileika og færni. Við sköpum starfsmönnum tækifæri til að taka að sér forystuhlutverk á ýmsum sviðum og nærum og styðjum sérfræðipækkingu þeirra og sjálfstraust. Forysta hefur leitt til framúrskarandi starfs og stuðlað að stöðugri framþróun.

Dæmi um einkunnina 2

- Sumir í starfsliði hafna þróunarstarfi jafnvel þegar því er ætlað að ná fram umbótum fyrir nemendur. Umfangi og hraða þróunarstarfs er ekki vel stjórnað. Stjórnendur styðja ekki alltaf starfsmenn, setja þeim ekki alltaf nógu krefjandi verkefni eða beina sjónum nógu vel að því að setja umbótamiðuð markmið. Sjálfsmatsaðferðir okkar eru ekki vel þróaðar eða beinast að því að bæta nám og kennslu. Við gefum þróunarstarfi stundum ekki nægan tíma, næg úrræði eða tökum nóg tillit til möguleika skólans til umbóta, eða þörfinni á að starfsmenn séu skuldbundnir verkefninu.
- Við höfum sýn á hvað er skólanum og samfélaginu mikilvægt en nýbreytni og árangursríkt starf er ekki greint markvisst, stutt við það, það metið eða það kynnt innan skólans. Við vitum um dæmi um fyrirmyndarstörf innan skólans, en höfum ekki enn beint sjónum að lykilatriðum sem munu efla gæði náms og kennslu. Það skortir oft á miðlun okkar til að gera starfsmönnum kleift að skilja ástæður fyrir áætluðum breytingum eða hvaða ávinnings er vænst með þeim.
- Forystumenn á öllum stigum eru ekki nægilega virkir eða gæddir nægum forystuhæfileikum til að sjá um að koma á stefnu skólans við að viðhalda, efla og bæta nám, kennslu og árangur barna og ungmenna. Þróunaráætlanir/umbótaáætlanir leiða ekki til viðunandi árangurs. Við framkvæmd þeirra hættir stjórnendum til að horfa til kerfa, hlutverka og ferla frekar en á bættan árangur nemenda. Starfsmenn leggja almennt mikið á sig en hæfileikar þeirra og færni eru ekki nýtt sem skyldi, né heldur er þeim veitt tækifæri til að taka að sér forystuhlutverk.

^{xvi} Við mat á þessum gæðagreini ætti að taka mið af mati á gæðagreinum í lykilorðum 1 til 4.

Viðauki 1: Gæðaramminn

Velgengi og árangur skólans		Lífið og starfið í skólanum		Sýn skólans og forysta
Hvaða árangri höfum við náð?	Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?	Hversu góða menntun veitum við?	Hversu góð er stjórnun skólans?	Hversu góð er forystan í skólanum?
<p>1. Heildarárangur</p> <p>1.1 Framfarir í skólastarfi</p> <p>1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur</p>	<p>2. Áhrif á nemendur, foreldra, forráðamenn og fjölskyldur</p> <p>2.1 Námsreynsla nemenda</p> <p>2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi</p> <p>-----</p> <p>3. Áhrif á starfsfólk</p> <p>3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans</p> <p>-----</p> <p>4. Áhrif á samfélagið</p> <p>4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið</p> <p>4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild</p>	<p>5. Menntun</p> <p>5.1 Skólanámskrá</p> <p>5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms</p> <p>5.3 Til móts við námsþarfir</p> <p>5.4 Mat í þágu náms/ leiðsagnarmat</p> <p>5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri</p> <p>5.6 Jafnrétti og sanngirni</p> <p>5.7 Samstarf við nemendur og foreldra</p> <p>5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda</p> <p>5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs</p>	<p>6. Stefnumótun og áætlanagerð</p> <p>6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna</p> <p>6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð</p> <p>6.3 Þróunaráætlanir</p> <p>-----</p> <p>7. Starfsmanna-stjórnun og stuðningur við starfsfólk</p> <p>7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki</p> <p>7.2 Nýting mannafla og teymisvinna</p> <p>7.3 Starfsþróun og starfsmat/ starfsmannaviðtöl</p> <p>-----</p> <p>8. Samvinna og búnaður</p> <p>8.1 Samstarf við nærsamfélagið, skólastofnanir skólaskrifstofu og sveitarstjórn</p> <p>8.2 Fjármálastjórn</p> <p>8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis</p> <p>8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga</p>	<p>9. Forysta</p> <p>9.1 Sýn, gildi og markmið</p> <p>9.2 Forysta og framtíðaráform</p> <p>9.3 Efling starfsmanna og samvinnu</p> <p>9.4 Forysta um framfarir og breytingar</p>

Viðauki 2: 6 þrepa/stiga einkunnaskalinn

Gæði þess sem skoðað er í hverjum gæðagreiðni má meta til einkunna eftir þrepum/stigum.

Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamikilum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins **ófullnægjandi**, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

(Viðauki 3 á við skoskar aðstæður og er sleppt í þýðingunni)

Viðauki 4: Almenn aðferð til notkunar í opinberum þjónustustofnunum

Skólar eru ekki eýlönd. Þeir vinna í samvinnu við aðra skóla, framhaldsskóla, atvinnurekendur og fleiri þjónustuaðila til að efla gæði námskrár fyrir nemendur, sjá þeim fyrir stuðningi sem þeir þurfa og til að hjálpa þeim við að ná hámarksárangri.

Skipulag lykilþátta í þessari útgáfu af gæðagreinunum eru notaðir af mörgum opinberum þjónustustofnunum í Skotlandi. Menntamálayfirvöld þar nota gæðagreinana eins og lýst er í **Gæðastjórnun menntunar** (*Quality Management in Education*) til að meta gæði þjónustu almennt. Sami rammi er notaður víða í starfi með börnum og ungmennum sem gerir það að verkum að skilningur á gæðum starfs verður hinn sami og auðveldar að deila reynslu og veitir stuðning við að efla reynslu og árangur barna og ungmenna.

Eftirlitsaðilar í menntageiranum í Skotlandi nota einnig gæðagreinana sem matstæki. Þegar ytra mat á sér stað eru lykilþættir gæðagreinanna notaðir. Með þessum lykilþáttum er sjónum beint sérstaklega að árangri og áhrifum menntunar sem skólinn veitir.

Nota má gæðagreina á fleiri en einu sviði. Til dæmis er hægt að nota þá:

- hjá skólayfirvöldum í heild
- hjá hluta skólasamfélags eða í ákveðnu byggðalagi
- hjá einstökum skólum eða einstökum þjónustustofnunum
- hjá einstökum hópum/teymum/deildum
- einnig í sambandi við sérstök málefni eða þemu

Þetta þýðir að mat sem fram fer í skólanum þínum og vísbendingar/sönnunargögn sem byggð eru á matinu geta einnig stuðlað að mati í öðru samhengi. Til dæmis gæti matið verið notað sem gæðamat á þjónustu barna í þínu byggðarlagi. Matið gæti einnig verið notað í samvinnu við sjálfsmat hjá öðrum skólum á sama stigi, öðrum skólastigum og öðrum hópum til að stuðla að mati á árangri skólayfirvalda.

Viðauki 5: Sönnunargögn/vísbendingar í sjálfsmati

Upplýsingar úr megindegum gögnum

Margvíslegar gagnaupplýsingar er hægt að nota til að komast að niðurstöðum í sjálfsmati. Þessi listi er ekki tæmandi:

- niðurstöður prófa
- niðurstöður úr samræmdum prófum
- námsframvinda í Mentor
- framfarstuðull nemenda í samræmdum prófum
- námsframvinda/námshæfing/námsárangur nemenda (frá fyrri stigum)
- framfarir nemenda varðandi námsmarkmið
- heildarframfarir í námi m.t.t. að ná settum námsmarkmiðum
- gagnaupplýsingar á landsvísu eða svæðisbundnar
- greiningarupplýsingar á öðrum lykilþáttum svo sem: fjárhagslegar, mæting nemenda, hlutfall brottvísaðra nemenda, brottfall nemenda úr námi, afdrif nemenda.

Viðhorf fólks

Spyrja má fólk um skoðanir þess. Í eftirfarandi lista má sjá nokkrar uppástungur um leiðir til að fá þær fram:

- einstaklingsviðtöl við starfsfólk
- einstaklingsviðtöl við foreldra
- samræður í hópum
- rýnihópar
- vinnuhópar
- spurningalistar og kannanir sem meta ánægju og kalla fram uppástungur/vísbendingar um bættan árangur
- skrifuð viðbrögð og ýtarlegar ábendingar/athugasemdir
- samvinnufundir á öllum stigum

Skipulögð athugun

Athuga má nám og kennslu skipulega. Til dæmis með því að:

- fylgja einstökum nemendum eftir
- fylgja eftir bekk
- skoða kennslustundir
- taka upp myndbönd af kennslustundum
- skipst á bekkjum
- skoða/athuga kennslustundir hjá hver öðrum – félagastuðningur
- vinna með öðrum kennurum

Með því að skoða ýmis vinnugögn má athuga framvindu skólstarfs. Til dæmis:

- vinnu nemenda
- skýrslur til foreldra
- greint niðurstöður prófa hjá nemendum
- haldið dagbók eða aðra skráningu á vinnu
- námsáætlanir eða annað skipulag á námi og kennslu
- kennsluáætlanir
- skoða skýrslur um framfarir í þróunaráætlunum
- námsaðlögun, einstaklingsmiðun námsefnis
- stefnu og viðmið
- fundargerðir

Viðauki 6: Aðgerðadagatal

Hluti af venjubundnu skólstarfi margra skóla er að meta reglulega starf sitt. Með því að lista upp allar reglubundnar athuganir í aðgerðadagatal er hægt að dreifa þeim yfir allt árið. Ef athuganir eru tengdar við lykilþættina er hægt að nota sönnunargögnin/vísbindingarnar og setja þær fram í sjálfsmatsskýrslu. Hér er dæmi um aðgerðadagatal frá einum skóla.

Hversu vel stöndum við okkur?	Tíðni	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	ap	maí	jún
Námskráin	Árleg áætlun			✓								✓
Upplýsingar um árangur í skólstarfi		✓				✓			✓			
Hæfni á landsvísu og önnur form á viðurkenningu		✓				✓			✓			
Mat, skipulag, eftirlit og greinargerð um framfarir og árangur	Á sex vikna fresti	✓		✓			✓		✓		✓	
Heimavinnu dagbækur/áætlanir	Á hverri önn		✓			✓		✓			✓	
Minnisbækur/verkefnabækur nemenda og verkefni þeirra í kennslustundum	Úrtak mánaðarlega	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Vinna í kennslustundum	Skipulagðar heimsóknir í bekki		✓			✓			✓			
Greinargerð til foreldra	Eftir stigum			✓				✓			✓	
Framfaraskýrslur nemenda	Á hverri önn			✓				✓		✓		
Eftirlit með einstaklingsnámskrám	Á hverri önn			✓		✓			✓		✓	
Aðsókn/mæting	Mánaðarlega	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Hegðun	Mánaðarlega	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Álit/skoðanir starfsfólks	Á hverri önn			✓			✓					✓
Álit/skoðanir nemenda - úrtak	Skipulögð áætlun		✓			✓			✓			
Álit/skoðanir foreldra - úrtak	Árlega							✓				
Heilsufars- og öryggisathuganir	Á hverri önn			✓				✓				✓
Framfarir í átt að markmiðum þróunaráætlunar	Á hverri önn	✓				✓				✓		

Þrátt fyrir að aðrar áherslur geti verið í skipulagi, röð og tíðni aðgerðadagatals, eru markmiðin þau sömu, þ.e. að þekkja skólann vel. Ef niðurstöður eru skráðar í töflu með lykilþáttum er hægt að sjá umfang sönnunargagna/vísbindinga sé nóg fyrir matsskýrslu eða hvort þörf er á að skoða einhvern þátt skólastarfsins nánar.

Neðanmálsgreinar

- ⁱ Gögn um heildarframmistöðu skóla gefa vísbendingar um árangur í íslensku og stærðfræði, árangur á samræmdum prófum og árangur í öðrum könnunum eða samkeppni sem nemendur taka þátt í. Þau geta einnig gefið til kynna námsárangur almennt í samanburði við aðra svipaða skóla og á landsvísu, einstaklings- og félagsþroska nemenda og þátttöku þeirra í samfélagslegum verkefnum, félagsstörfum utan skóla og öðrum frístundaverkefnum. Slík gögn munu einnig gefa upplýsingar um hvað nemendur taka sér fyrir hendur að loknum skóla.
- ⁱⁱ Við mat á fyrstu tveimur þemunum þarf að hafa tengda gæðagreina í huga, það er 5.2, 5.3 og 5.5.
- ⁱⁱⁱ Hafa þarf gæðagreini 2.1 í huga.
- ^{iv} Helstu gögn um þetta eru skipulagðar athuganir á námi nemenda, gögn um skólasókn, brottfall og brottvísanir úr skóla, greining á ofbeldisatvikum, gögn um einelti og kynþáttafordóma, þátttaka og árangur í íþróttum, menningar- og samfélagslegum viðburðum og námi utan skóla, þátttaka í jafningjafræðslu eða -stuðningi og hversu vel gengur að mæta náms- og félagsþörfum allra nemenda. Enn fremur greining rýnihópaviðtala og niðurstöður spurningakannana meðal nemenda og annarra hagsmunaaðila sem gefa til kynna hversu ánægðir þeir eru með starf skólans.
- ^v Vísbendingar koma úr vettvangsathugunum, beinum samskiptum, samræðum og greiningu á viðeigandi gögnum og skjölum, spurningakönnunum og samræðum við hópa og einstaklinga sem fulltrúa skólans. Upplýsingar um kvartanir og hrós frá foreldrum og þátttöku foreldra á foreldrafundum gefa einnig vísbendingar.
- ^{vi} Hér er átt við allt starfsfólk skólans. Þar með talið starfsfólk félagsþjónustu, kennara, þroskaþjálfara, umsjónarmenn tólmundastarfs, lögreglu, starfsfólk heilsugæslu, ráðgjafa og meðferðaraðila, sálfræðinga, starfsmenn á skrifstofu, við ræstingu, blönduð störf og húsvörslu.
- ^{vii} Vísbendingar eru m.a. gögn um leyfi og aðrar fjarvistir starfsfólks og starfsmannavelta. Hér er einnig þörf á skipulögðum athugunum, skjalaskoðun og umræðum í skólanum í heild, í deildum þar sem við á og við einstaklinga.
- ^{viii} Vísbendingar fást úr gögnum sem til eru, úr viðhorfakönnunum og spurningalistum, og með samræðum við fulltrúa samfélagsins, þá sem veita þjálfun, sjálfbæðastofnanir, vinnuveitendur, fyrirtæki og opinberar stofnanir.
- ^{ix} Vísbendingar koma frá þróunarvinnu sem á rætur að rekja til fyrirmýnda að gæðastarfi innanlands eða erlendis frá eða til reynslu starfsmanna sem hafa áhrif á þróun í víðu samhengi.
- ^x Tengja ætti við niðurstöður úr þema 2 í gæðagreini 5.8
- ^{xi} Þegar unnið er með þennan gæðagreini ættu skólar að nota upplýsingar um árangur og framfarir mismunandi hópa, svo sem stráka og stelpna, nemenda af mismunandi þjóðerni, flóttamanna, fósturbarna, nemenda með annað móðurmál en íslensku, nemenda með fötlun og hvern þann hóp sem gæti átt undir högg að sækja.
- ^{xii} Við mat á þessum gæðagreini ætti að taka mið af mati á gæðagreinum í lykilorðum 1 til 4.
- ^{xiii} Meta má áhrifin með gæðagreinum í lykilorðum 1 til 4.
- ^{xiv} Við mat á þessum gæðagreini ætti að tengja niðurstöður við mat á gæðagreini 3.1.
- ^{xv} Vísuð til gæðagreinis 1.2.
- ^{xvi} Við mat á þessum gæðagreini ætti að taka mið af mati á gæðagreinum í lykilorðum 1 til 4.